


LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA



Starfsskýrsla 23
24

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Umsjón: Þórey S. Þórðardóttir

Umbrot, myndvinnsla og hönnun: Þórhallur Kristjánsson

Kápumynd: Brúarfoss

Ljósmyndari: Aubrey Ann Wood

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	4
Stjórn og starfsfólk	11
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	14
Lykiltölur íslenska lífeyrissjóðakerfisins	15
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2023	16
Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2023	20
Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða	24
ÁHÆTTUNEFND	24
NEFND UM FJÁRFESTINGARUMHVERFI LÍFEYRISSJÓÐA	27
RÉTTINDANEFND	30
SAMSKIPTANEFND	37
FRÆÐSLUNEFND	44
Staðan og framtíðarsýn lífeyrismála	49
Erlent samstarf og samanburður við önnur lönd	52
Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira	58
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	61



Ávarp stjórnarformanns

Rekstrarumhverfi lífeyrissjóða var erfitt á árinu 2023, hvort sem litið er til innlendra eða erlendra fjármálamarkaða. Sveiflukennt ástand einkenndist af mikilli verðbólgu með tilheyrandi áhrifum á skuldbindingar sjóðanna.

Útlitið var sérlega slæmt á fyrri hluta ársins og má ýkjulaust tala um martraðarástand í því sambandi. Þegar á heildina var litið skiluðu hlutabréf lakri ávöxtun og kom til tals hjá einhverjum sjóðum að breyta fjárfestingarstefnu sinni og auka við hlut skuldabréfa og minnka vægi hlutabréfa. Þess sáust merki að þeirri stefnubreytingu yrði hrint í framkvæmd en ástandið lagaðist blessunarlega á lokafjórðungi ársins og ávöxtunartölur þar með. Þar ber að nefna sérstaklega jákvæða þróun á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum.



Þegar árið allt var gert upp var niðurstaðan sú að raunávöxtun eigna íslenskra lífeyrissjóða var jákvæð um hálf t prósent, sem jafngildir um 8,5% nafnávöxtun í 8% verðbólgu.


Langtímaávöxtun er sem fyrr mikilvægari varða á leiðinni en eitt tiltekið ár. Þegar horft er til undanfarinna fimm ára var meðalraunávöxtun sjóðanna 3,8% og til tíu ára 4,1%. Í báðum tilvikum umfram margumtalað ávöxtunarviðmið upp á 3,5%.

Eignir lífeyrissjóðakerfisins námu 7.287 milljörðum króna í lok árs 2023.

Árið 2024 fer mun betur af stað en starfsárið sem við gerum upp nú og ávöxtun eigna á fyrstu mánuðum yfirstandandi árs er heilt yfir betri en við þorðum að vona. Í því sambandi skal haft í huga að hátt í 40% eigna lífeyrissjóðanna eru ávöxtuð utan landsteina og hafa að undanfögnu skilað að jafnaði meiru en innlendar eignir.


Breyting til batnaðar frá fyrra ári birtist meðal annars í því að stjórnir lífeyrissjóða hafa hægt á sér við að auka við hlut skuldabréfa á kostnað hlutdeildar hlutabréfa í eignasöfnum sínum.

Árleg raunávöxtun lífeyrissjóða



Áætluð ávöxtun fyrir árið 2023 • Heimild: Seðlabanki Íslands

Raunávöxtun lífeyrissjóða • 5 og 10 ára meðalávöxtun



Fyrir árið 2023 er notast við áætlaða ársávöxtun, 0,5%.
Heimild: Seðlabanki Íslands



Íslenska lífeyrissjóðakerfið er áfram á toppnum í úrvalsdeild lífeyrskerfa veraldar, í samanburði ráðgjafarfyrirtækisins Mercer og samtakanna CFA Institute. Ísland var í fyrra í þriðja sinn með í samanburði lífeyrskerfa í 47 ríkjum og hlaut þá A í einkunn ásamt Hollandi, Danmörku og Ísrael.

Einkunnarorð Mercer eru að lífeyrskerfi í A-flokki séu fyrsta flokks, öflug, tryggj góð réttindi, séu sjálfbær og að um þau ríki traust.

Íslenska lífeyrskerfið var í fyrsta sæti á lista Mercer 2021 og 2022 en í öðru sæti 2023, sjónarmun á eftir því hollenska. Þessi niðurstaða í samanburði á heimsvísu kom okkur ekki á óvart sem störfum í íslensku lífeyrissjóðakerfi, þekkjum það og höfum kynnt og varið kosti þess í opinberum umræðum sem eru á stundum óvægnar og byggjast á ósanngjörnum og beinlínis rakalausum fullyrðingum. Það skal samt sagt að umræða um lífeyrissjóðina hefur mildast í seinni tíð og hugsanlega hafa tíðindin af frammistöðu íslenska kerfisins í Mercer-samanburðinum haft þar sín áhrif. Gömul saga og ný er að upphæfð kemur að utan.

Áhugavert er í þessu samhengi að mælanlegt traust landsmanna hefur aukist verulega samkvæmt niðurstöðum samanburðarhæfra

viðhorfskannana frá og með árinu 2016. Þegar spurt var: *Hversu mikið eða lítið traust berðu til íslensku lífeyrissjóðanna?* reyndust 10% svarenda bera mikið traust til sjóðanna árið 2016. Hlutfallið var komið upp í 22% árið 2023 og má nefna í framhjáhlaupi að sambærileg tala um mikið traust gagnvart bankakerfinu var 18%.

Áhugavert er líka að yfir helmingur svarenda taldi mjög mikilvægt að leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

Gott eftirlaunakerfi getur alltaf batnað og það hefur einmitt verið leiðarljós stjórna, stjórnenda og baklands lífeyrissjóða á Íslandi frá upphafi, það er að segja að rýna stöðugt kosti kerfisins og agnúa, breyta og bæta með hagsmuni sjóðfélaga og samfélagsins að leiðarljósi.

Ríkisstjórnin sem mynduð var í kjölfar alþingiskosninga 2021 lýsti því yfir að endurskoða bæri lífeyrskerfi landsmanna í heild sinni og það var í samræmi við ítrekaðar óskir úr röðum forystusveita lífeyrissjóðakerfisins svo árum skipti að kerfið fengi ítarlega rýni. Við lögðum þá jafnframt ríka áherslu á að slík endurskoðun,

vinna við grænbók um lífeyrskerfið, yrði að vera í samstarfi og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og að leitað yrði til starfandi sérfræðinga innan lífeyrissjóðakerfisins.

Starfshópur um grænbók var skipaður og í honum eru tveir fulltrúar Landssamtaka lífeyrissjóða. Verkefnið er umfangsmikið og áskorun mikil enda margt undir þegar fjallað er um stöðu lífeyrskerfisins, framtíðarstefnu, mögulegar breytingar á lögum um lífeyrismál og skyldutryggingu lífeyrissjóðanna og starfsumhverfi sjóðanna í víðara samhengi með tilvísun í loftlags- og umhverfismál, grænar fjárfestingar og svo framvegis.

Á þessum vettvangi okkar fyrir einu ári síðan var gert ráð fyrir að drög að grænbók yrðu til eigi síðar en 1. desember 2023. Það gekk ekki eftir.

Vinnan er hins vegar í fullum gangi og drög að grænbók sannarlega í deiglu. Ef að líkum lætur verður grænbókin birt núna í sumar eða í síðasta lagi í haust, vonandi sem góður grunnur að sterk mótaðri framtíðarsýn fyrir kerfið okkar.



Nýjar töflur um lífslíkur þjóðarinnar hafa verið innleiddar hjá lífeyrissjóðum og samþykktum þeirra breytt í samræmi við þær. Markmiðið var að stuðla að því að eignir sjóðanna stæðu undir eftirlaunagreiðslum til framtíðar, enda er sjálfbærni kerfisins ekkert minna en undirstaða, forsenda og kjarninn í starfsemi sjóðanna.

Eðli samkvæmt þarf um svona málefni að ríkja sameiginlegur skilningur, traust og friður. Svo er hins vegar ekki og það skapar óþægilega óvissu, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Hæstiréttur Íslands er með til meðferðar áfrýjaðan héraðsdóm sem varðar töflur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um lífslíkur og tilheyrandi samþykktarbreytingar.


Lífeyrissjóðirnir skiptust í tvo hópa og valdi hvor sína útfærslu breytinga á samþykktum sínum í samræmi við álit tryggingastærðfræðinga sinna – álit sem voru á tvo vegu og gefin ráð þeirra í samræmi við það. Fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti samþykktarbreytingar sjóðanna, svo því sé til haga haldið.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna undirbjó sína samþykktabreytingu vel og rækilega og fékk lögfræðileg álit sér til stuðnings. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi niðurstöðuna ólöglega. Sjóðurinn áfrýjaði héraðsdómnum og málið fékk flýtimeðferð og fór beint í Hæstarétt og er þar nú til meðferðar.

Óvissa ríkir því þar til rétturinn kveður upp dóm sinn, hvenær svo sem það gerist. Slíkt ástand er afar óheppilegt og raunar óþolandi, hvað svo sem líður efnislegri dómsniðurstöðu.

Tryggingastærðfræðingar eru fámennur hópur en með mikið áhrifavald. Þeir komu sér ekki saman um útfærslu breytinga í samræmi við nýtt mat á lífslíkum sjóðfélaga. Afleiðingin er sú staða sem lífeyrisherfið er lent í og ekki verður dregin önnur ályktun en sú að hér skorti skýrar leikreglur. Fyrir

Eignir lífeyrissjóða



lífeyriskerfið og fyrir landsmenn alla er mikilvægt að ekki sé deilt um grundvallaratriði á borð við það sem hér um ræðir.

Í ávarpi stjórnarformanns á aðalfundi okkar í fyrra kom fram að örlög ÍL-sjóðsins væru eitt stærsta verkefni sem lífeyrissjóðirnir fengjust við, að áform stjórnvalda um slit sjóðsins væru hvorki siðleg né lögleg og jafngiltu eignaupptöku.

Þessi ummæli eru enn í fullu gildi og ég verð því miður að endurtaka þau nú því það hefur lítið gerst. Í fullu gildi er líka það sem sagt var orðrétt fyrir einu ári:

„Forystusveitir lífeyrissjóða standa þétt saman og munu ekki fallast á að ríkið bjargi sér úr eigin vandræðum á kostnað sjóðfélaga sinna.“

Þáverandi fjármálaráðherra, núverandi utanríkisráðherra, lagði fram á Alþingi núna í febrúar 2024 frumvarp um slit ógjaldfærra opinberra aðila sem ætlað var að heimila ríkinu að slíta ÍL-sjóðnum. Lífeyrissjóðirnir höfðu áður skilað tæpitungulausri umsögn um málið enda stóðu efni til að kveða fast að orði. Þar er talað um fyrirhugaða löggjöf sem standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar

og sé til þess fallin að skaða orðspor íslenska ríkisins og trúverðugleika á fjármálamarkaði með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Ráðherra mælti fyrir málinu 7. mars og síðan var því vísað til efnahags- og viðskiptanefndar með venjulegum fresti til umsagna. Einungis einn alþingismaður sá ástæðu til að tjá sig um hið stóra og afdrifaríka þingmál ríkisstjórnarinnar við fyrstu umræðu, Eyjólfur Ármannsson, Flokki fólksins. Hann sagði meðal annars: „Ég set stórt spurningarmerki við þetta frumvarp og óttast að verið sé að reyna að komast hjá því að íslenska ríkið standi við skuldbindingar sínar, sem gæti varðað 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almannapörf krefji.“

Landssamtök lífeyrissjóða sendu þingnefndinni umsögn sína um málið, ítrekuðu fyrri afstöðu sína og skorðu á ráðherra að draga áform sín til baka og

„... leitast við að ná farsælli lausn á vanda ÍL-sjóðsins, eftir atvikum með samningum um uppgjör við kröfuhafa“,

líkt og lokaorð umsagnarinnar hljóða orðrétt.

Þreifingar hafa verið í gangi um mögulegt samkomulag í deilunni og ég get ekki annað fyrir hönd lífeyrissjóðanna en lýst von um farsæla lendingu en hún er enn ekki sjáanleg innan sjóndeildarhringsins.

Staða lífeyrissjóða er afar sterk, ríkið mun ekki komast upp með annað en að efna skuldbindingar sínar til fulls. Meginregla íslensks réttar er þekkt, viðurkennd og skýr, nefnilega að samningar skuli standa.

Málefni tengd Grindvíkingum og lífeyrissjóðum vegna lánamála urðu býsna fyrirferðarmikið umfjöllunarefni á opinberum vettvangi eftir að Grindavíkurbær var rýmdur vegna náttúruhamfaranna á Reykjanesi. Viðskiptabankar felldu niður vexti og verðbætur af íbúðarlánum Grindvíkinga í tiltekinn tíma og sú ákvörðun þeirra var kynnt sem hluti heildstæðrar úrlausnar fyrir íbúana, með aðkomu stjórnvalda. Þrýstingur skapaðist á lífeyrissjóði að fara að dæmi bankanna með sjóðfélagalán sín en ítarleg lagaleg greining leiddi í ljós að sjóðunum er ekki heimilt að fella niður vexti og verðbætur sem hluta af almennri aðgerð án mats á stöðu einstakra lántakenda.



Niðurstaðan varð sú að stjórnvöld ákváðu að ríkissjóður myndi greiða áfallna vexti og verðbætur til sex mánaða af fasteignalánum lífeyrissjóða í Grindavík.

Þannig leystist sá hnútur.

Lagaleg staða lífeyrissjóða í málinu var og er alveg skýr og viðurkennd í verki af ríkisvaldinu. Þung og ómakleg orð féllu hins vegar í opinberri umræðu í garð lífeyrissjóða vegna afstöðu sinnar. Hagsmunagæslumenn bankakerfisins sáu meira að segja ástæðu til að nota afstöðu lífeyrissjóðanna til lánamála í Grindavík sem rök fyrir því að hrekja sjóðina alveg af húsnæðislánamarkaðnum!

Augljós forsenda fyrir málefnalegum umræðum um lífeyrissjóði og lífeyrismál yfirleitt er sú að þar sé byggt á staðreyndum og helst niðurstöðum fræðilegra athugana og rannsókna og skoðanaskiptum í framhaldinu.

Við stigum merkilegt skref í fundarherbergi rektors Háskóla Íslands á aðventu jóla þegar undirritaður var samningur um rannsóknastofnun á sviði lífeyrismála, samstarfsvettvangur fyrir fræðimenn á

sviði lífeyrisstofnana í Háskóla Íslands, Seðlabanka Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytinu og öðrum stofnunum sem gætu komið að málinu.

Þetta verður í senn fræðasamfélag og samstarfsvettvangur rannsókna og greiningar til að auka þekkingu á lífeyriskerfinu á Íslandi og nýtist sem grundvöllur hagnýtingar við þróun kerfisins.

Landssamtök lífeyrissjóða fjármagna starfsemina að hluta, Seðlabankinn og fjármála- og efnahagsráðuneytið leggja til tíma starfsmanna sinna til að sinna rannsóknum og Háskóli Íslands leggur til húsnæði og ber ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar.

Stofnunin er sjálfstæð en mun eiga náið samstarf við hliðstæða rannsóknastofnun tengda Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn.

Sex manna ráðgjafarráð var skipað núna í marsmánuði og stofnfundur nýrrar Rannsóknastofnunar lífeyrismála og málþing í tengslum við hann var þegar þetta var skrifað kominn á dagskrá 24. maí síðastliðinn í Háskóla Íslands.

Ég fagna því að hugmynd um rannsóknastofnun lífeyrismála sé orðin að veruleika og vænti mikils af starfsemi hennar.

Síðast en ekki síst vil ég í skýrslu stjórnar víkja að mannauði íslenska lífeyrissjóðakerfisins, sjálfum tannhjólum þess og driffjöðrum.

Engin skip sem slík veiða fisk, það gera áhafnir þeirra. Þeim mun betur farnast skipstjórnendum og liðsmönnum þeirra um borð sem þekking, reynsla, dugnaður, samstilling og færni áhafnarinnar spila saman.

Stjórnendur, starfsfólk og sérfræðingar eru áhafnir lífeyrissjóðakerfisins og sá mannauður er afar dýrmætur. Reynslan sem býr í lífeyrissjóðakerfinu er gríðarlega mikil og þekkingin nánast ævintýrleg.

Hér er mikið sagt en fyllilega sannleikanum samkvæmt. Sjálfur upplifi ég það aftur og aftur í samtölum okkar við stjórnvöld, eftirlitsaðila og fleiri að þekkingin er að miklu leyti okkar megin, með fullri virðingu fyrir þeim sem sitja handan fundarborðsins hverju sinni.



Þetta hefur birst í stórum og erfiðum viðfangsefnum okkar sem ég reifaði hér fyrir í skýrslunni og í daglegu starfi lífeyrissjóðanna, Landssamtaka lífeyrissjóða og í nefndastarfi samtakanna. Þar vísa ég til samantektar um nefndastarf í ársskýrslu Landssamtakanna.

Ég færi meðstjórnarmönnum mínum, stjórnendum, starfsfólki og starfsnefndum í lífeyrissjóðakerfinu þakkar og öllum þeim öðrum sem komið hafa að tilteknum verkefnum og daglegri starfsemi lífeyrissjóða og Landssamtaka lífeyrissjóða á starfsárinu 2023.

Jón Ólafur Halldórsson



Stjórn og starfsfólk

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð níu aðalmönnum og þremur varamönnum.

Stjórnarmenn eru kosnir á aðalfundi samtakanna til tveggja ára í senn, fjórir aðalmenn og einn varamaður annað árið og fimm aðalmenn og tveir varamenn hitt árið.

Á aðalfundi samtakanna vorið 2023 voru Auður Kjartansdóttir, stjórnarformaður Brúar lífeyrissjóðs, Elsa Björg Pétursdóttir, stjórnarmaður í Stapa lífeyrissjóði, og Jakob Tryggvason, stjórnarmaður í Birtu lífeyrissjóði, kjörin ný í stjórn LL í stað Halldóru Káradóttur, Erlu Jónsdóttur og Hilmars Harðarsonar.

Þrjú aðalmenn voru kjörnir í stjórn LL til tveggja ára:




Elsa Björg Pétursdóttir
Gylfi Jónasson
Jakob Tryggvason

Einn aðalmaður var kjörinn til eins árs:

Auður Kjartansdóttir

Aðrir stjórnarmenn:

Arnaldur Loftsson
Harpa Jónsdóttir
Ingibjörg Ólafsdóttir
Jón Ólafur Halldórsson
Valmundur Valmundsson



Stjórn:

Jón Ólafur Halldórsson formaður, Gylfi Jónasson varaformaður, Arnaldur Loftsson, Auður Kjartansdóttir, Elsa Björg Pétursdóttir, Harpa Jónsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Jakob Tryggvason og Valmundur Valmundsson.



**Einn varamaður var kjörinn
til tveggja ára:**

Una Eypórsdóttir

Aðrir varamenn:

Hulda Rós Rúriksdóttir
Sigurbjörn Sigurbjörnsson



Varastjórn:

Hulda Rós Rúriksdóttir, Sigurbjörn Sigurbjörnsson og Una Eypórsdóttir.



Þórey S. Þórðardóttir,
framkvæmdastjóri LL



Ásta Ásgeirsdóttir,
hagfræðingur



Sólveig Hjaltadóttir,
verkefnastjóri



Stefán Halldórsson,
verkefnastjóri

Starfsmenn

Framkvæmdastjóri Landssamtakanna er Þórey S. Þórðardóttir. Aðrir starfsmenn eru Ásta Ásgeirsdóttir hagfræðingur, Sólveig Hjaltadóttir verkefnastjóri og Stefán Halldórsson sem hefur undanfarin ár starfað í hlutastarfi sem sérfræðingur fyrir samtökin að ýmsum verkefnum.

Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða

Í 4. gr. samþykktu LL er hlutverk samtakanna tilgreint sem hér segir:



Gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða sem aðild eiga að samtökunum.



Vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiri háttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.



Hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.



Vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.



Stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.



Fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.



Vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.

Lykiltölur íslenska lífeyrissjóðakerfisins

Eignir og ávöxtun við árslok 2023

Eignir lífeyrissjóða við árslok 2023:

7.287 ma.kr.



Raunávöxtun lífeyrissjóða árið 2023:

0,5%



Lykiltölur lífeyrissjóða við árslok 2022

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga:

234.149



Fjöldi lífeyrisþega (67+):

51.295



Iðgjöld ársins:

340 ma.kr.



Lífeyrir ársins:

229 ma.kr.



Heimild: Seðlabanki Íslands



Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2023

Landssamtök lífeyrissjóða héldu aðalfund á Grand hóteli þann 30. maí 2023. Fundinum var einnig streymt en atkvæði voru einungis greidd á staðnum.

Hilmar Harðarson formaður setti fundinn. Vilhjálmur Egilsson, fyrrum rektor á Bifröst, var kjörinn fundarstjóri og Ásta Ásgeirsdóttir, hagfræðingur hjá LL, kjörin fundarritari.

Skýrsla stjórnar

Hilmar Harðarson formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir starfsemina á liðnu starfsári.

Í máli hans kom meðal annars eftirfarandi fram:

„Nú gekk það loksins eftir að skipaður var fjölmennur starfshópur um grænbókina til að vinna að grænbók um lífeyriskerfið, verkefni sem við höfum kallað eftir því að ráðist verði í. Fjallað verður um stöðu lífeyriskerfisins og helstu áskoranir til að þroska umræðuna, leggja mögulega grunn til framtíðar og jafnvel að breytingum á lagaramma um lífeyrismál og skyldutryggingu

lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir því að starfshópurinn skili drögum að grænbók eigi síðar en 1. desember 2023 og því ljóst að fulltrúar í hópnum og sérfræðingar þeirra vita hvað til síns friðar heyrir næstu mánuði.

Grænbókarvinnan er mikil áskorun sem tengist beint eða óbeint ýmsum öðrum áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í starfsemi lífeyrissjóða. Nægir að nefna loftlags- og umhverfismál, grænar fjárfestingar og tengd áherslumál sem kalla á markvisst samstarf stjórnvalda og fjármálakerfisins svo unnt sé að ná tilskildum árangri. Þetta er og verður stóra verkefnið okkar næstu árin.“

Hilmar greindi frá því að áætluð meðalávöxtun eigna íslenskra lífeyrissjóða hefði verið neikvæð um tæplega 12 prósent á árinu 2022, sem er mikill viðsnúningur frá fyrri árum. Fimm ára meðalávöxtun væri 4% og tíu ára meðalávöxtun 4,6%.

Einnig fór Hilmar yfir þætti sem hafa verið á dagskrá samtakanna:

- Fræðslustarf hefur verið eftir og styrkt með áherslu á að ná til fólks af erlendum uppruna.
- Fulltrúar allra sjóða hafa undirritað viljayfirlýsingu um framtíðarþróun í gagnasamskiptum lífeyrissjóða í samstarfi við Stafrænt Ísland. Efst á blaði er að setja upp vefþjónustu milli lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar.

Í lok ávarpsins þakkaði Hilmar stjórnarmönnum, starfsfólki LL og öðrum í lífeyrissjóðakerfinu fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Hann lauk farsælli stjórnarsetu á fundinum.

Ársreikningur

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, fór yfir helstu niðurstöður ársreiknings samtakanna fyrir árið 2022 og breytingar frá fyrra ári.

Kjör stjórnar og varastjórnar

Þrír aðalmenn voru kjörnir í stjórn til tveggja ára:

Gylfi Jónasson

Jakob Tryggvason

Elsa Björg Pétursdóttir



Aðalmaður til eins árs: Auður Kjartansdóttir
Una Eypórsdóttir var kjörin varamaður til tveggja ára.

Kjör endurskoðunarfyrtækis

Samþykkt var að KPMG ehf. yrði áfram endurskoðunarfélag samtakanna.

Ákvörðun þóknunar stjórnar og nefndarmanna

Tillaga um þóknun stjórnar var samþykkt samhljóða. Þóknun hvers stjórnarmanns yrði 125.000 kr. á mánuði, þóknun varaformanns stjórnar yrði 187.500 kr. á mánuði og þóknun formanns stjórnar yrði 250.000 kr. á mánuði. Þóknun varamanna í stjórn yrði 62.500 kr. fyrir hvern setinn fund.

Einnig var samþykkt samhljóða að formenn fastanefnda samtakanna fengju greidda þóknun sem væru þeir aðalmenn í stjórn, 125.000 kr. á mánuði.

Stefna LL um rannsóknir og greiningu

Stefán Halldórsson, verkefnastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, greindi í erindi sínu frá því að viðræður væru hafnar við Háskóla Íslands, Hagstofuna, fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabankann í samræmi við stefnu samtakanna um að efla

rannsóknir og greiningu. Lagt væri upp með að setja upp lífeyrissagnagrunn sem hýstur yrði hjá Hagstofunni, efla ætti stuðning við rannsóknir á lífeyrismálum í Háskóla Íslands og koma á fót námslínu í tryggingastærðfræði við háskólann.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og ákvörðun um árgjald

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun samtakanna árið 2023 sem stjórn hafði samþykkt.

Jafnframt gerði framkvæmdastjóri grein fyrir tillögu um árgjald fyrir árið 2023 sem fól í sér hækkun um 20 milljónir kr. frá fyrra ári, úr 140 milljónum kr. í 160 milljónir kr. og að fast gjald á hvern aðildarsjóð yrði 400 þúsund kr. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Breytingar á samþykktum

Þórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri LL, kynnti tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum sem yrði 4. mgr. í 7. gr. Breytingarnar vörðuðu umboð stjórnarmanns til setu í stjórn og voru samþykktar samhljóða.

7. gr. eftir breytingar er svohljóðandi:

„Stjórn samtakanna skal skipuð 9 mönnum og 3 til vara. Skulu stjórnarmenn kosnir á aðalfundi samtakanna til tveggja ára í senn, fjórir aðalmenn og einn varamaður annað árið og fimm aðalmenn og tveir varamenn hitt árið. Uppstillingarnefnd skal starfrækt sem hefur það hlutverk að gera tillögu til aðalfundar að skipan stjórnar. Í nefndinni sitji fimm fulltrúar til fjögurra ára; einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn frá samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn frá launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga og einn frá þeim lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign.

Uppstillingarnefnd skal starfa í samræmi við starfsreglur sem settar eru af stjórn og staðfestar af aðalfundi. Skal uppstillingarnefnd við tillögugerð sína hafa það að markmiði að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að landssamtökunum. Skulu fulltrúar í stjórn vera af báðum kynjum og koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og stjórnarmanna, bæði fulltrúa



launþega og atvinnurekenda. Skal rökstudd tillaga uppstillingarnefndar liggja fyrir eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund samtakanna.

Verði breyting á starfsvettvangi stjórnarmanns á kjörtíma hans sem áhrif hefur á umboð hans sem stjórnarmanns í samtökunum skal hann að jafnaði sitja áfram sem stjórnarmaður fram að næsta aðalfundi samtakanna nema eitthvað mæli sérstaklega gegn því. Komi til þessa ber á næsta aðalfundi að kjósa stjórnarmann í hans stað sé kjörtími hans þá eigi að fullu liðinn. Óski stjórnarmaður hins vegar eftir því að láta þá þegar af stjórnarsetu og skemmri tími en fjórir mánuðir eru til næsta aðalfundar skal varamaður boðaður í hans stað. Sé lengri tími en fjórir mánuðir til næsta aðalfundar skal boða til aukaaðalfundar þar sem kosinn skal stjórnarmaður í stað viðkomandi. Líta ber til ákvæða 5. gr. við boðun aukaaðalfundar eftir því sem við á.“

Önnur mál

Eftir að formlegum fundarstörfum lauk flutti Rebekka Ólafsdóttir, áhættustjóri hjá Gildi – lífeyrissjóði og formaður áhættunefndar, erindi með yfirskriftinni *Loftslagsáhætta og lífeyrissjóðir* og fjallaði um áskoranir lífeyrissjóða tengdar

loftslagsáhættu og hvernig hægt væri að mæla hana og greina.

Rebekka gerði grein fyrir ESB flokkunarkerfi (e. EU Taxonomy) en tilgangur þess er að hjálpa fjárfestum og fyrirtækjum að taka upplýstar fjárfestingarákvarðanir með sjálfbærniþæmið í huga. Þann 1. júní 2023 ætti reglugerðin að taka gildi á Íslandi en hún felur í sér að aðilum á fjármálamarkaði er gert skylt að birta upplýsingar um hvort og þá hvernig afurðir sem seldar eru sem sjálfbærar falli að flokkunarkerfi ESB.

Í erindinu kom Rebekka einnig inn á mögulega aðkomu stjórnvalda varðandi fjárfestingartækifæri og aðgengi að samræmdri upplýsingagjöf við mat á loftslagsáhættu fyrirtækja og atvinnugreina. Eftir erindið voru umræður þar sem fram kom meðal annars að mælingar gætu verið flóknar og kostnaðarsamar í framtíðinni og miklu máli skipti að beita þar almennri skynsemi, eins og kom fram í lok erindis Rebekku.

Að loknum erindum kvaddi Þorbjörn Guðmundsson sér hljóðs og óskaði eftir aukinni umræðu um afkomu lífeyrisþega á Íslandi. Hvatti hann forsvarsmenn lífeyrissjóðanna til að muna eftir fólkinu á bak við kerfið.

Samþykkt var að fundarritari gengi frá fundargerð í samvinnu við fundarstjóra utan fundar.



Rebekka Ólafsdóttir





Dórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar LL, Erla Ósk Ásgeirsdóttir, fyrrum varamaður í stjórn, Hilmar Harðarson, fráfarandi stjórnarformaður, Halldóra Káradóttir, fyrrum stjórnarmaður, og Erla Jónsdóttir, fyrrum stjórnarmaður



Gestir á aðalfundi



Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2023

Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund, 30. maí 2023, skipti stjórnin með sér verkum og var Jón Ólafur Halldórsson kjörinn formaður og Gylfi Jónasson varaformaður.

Starfsemi samtakanna er afar fjölbreytt. Þau beita sér í málum er varða lífeyrissjóðakerfið sem heild og skila umsögnum um margvísleg mál, t.a.m. til þingnefnda, ráðuneyta og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þá er leitað samráðs við samtökin um ýmis málefni sem eru til umfjöllunar hverju sinni.

Fjöldi fyrirspurna berst samtökunum í tölvupósti og oft varða slík erindi réttindi þeirra sem búa erlendis, skiptingu lífeyris milli hjóna og sambúðarfólks og fjölda annarra málefna. Starfsmenn LL svara flestum fyrirspurnum eða senda áfram til viðeigandi stofnana eða sérfræðinga.

Starfsmenn lífeyrissjóða nota mikið upplýsingavefinn okkar **Lífeyrismál.is** og koma með ábendingar til samtakanna ef þeir sjá eitthvað sem betur má þar fara.

Stjórn LL hélt tvo fundi með varamönnum stjórnar og formönnum fastanefnda. Á fyrri fundinum, í nóvember 2023, var farið yfir hlutverk nefnda og helstu áform á starfsárinu en á síðari fundinum, í apríl 2024, var farið yfir verkefni sem unnið hafði verið að á starfsárinu.

Vinnu- og stefnumótunarfundur

Landssamtökin héldu vinnu- og stefnumótunarfund á Hótel Örk í Hveragerði 23. ágúst 2023. Þátttakendur voru stjórnarmenn LL og varamenn í stjórn, framkvæmdastjórar lífeyrissjóða, formenn fastanefnda LL og starfsmenn LL.



Formenn fastanefnda LL: Hildur Hörn Daðadóttir, Ólafur Sigurðsson, Rebekka Ólafsdóttir og Jóna Finndís Jónsdóttir



Að þessu sinni var áhersla lögð á viðhorfskönnun LL árið 2022 og eftirfylgni við niðurstöður könnunarinnar. Jafnframt var farið yfir könnun sem gerð var af Maskínu varðandi ímynd og þjónustu lífeyrissjóða árið 2023.

Starfsmenn LL fóru yfir kannanir og stöðu mála og í framhaldi kynntu formenn fastanefnda helstu áherslur í störfum sinna nefnda. Að því loknu var unnið í hópum og rætt um hvað mætti betur fara í nefndarstarfi innan LL og hvernig hægt væri að bregðast við og fylgja eftir niðurstöðum úr könnun Maskínu. Umræðustjóri fundarins var Snædís Ögn Flosadóttir fyrrum framkvæmdastjóri EFÍA og LSBÍ.

Margar gagnlegar ábendingar komu fram í hópastarfinu sem mikilvægt var fyrir samtökin að fá fram. Jákvæð endurgjöf var almennt á nefndastarf LL og ljóst að það nýtist samtökunum og lífeyrissjóðakerfinu mjög vel.

Eftir hádegi var rætt um *áherslur lífeyrissjóða í grænbókarvinnu stjórnvalda*

Áhugaverð framsöguerindi voru flutt:

- Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, kynnti aðdraganda grænbókarvinnu.
- Vilhjálmur Egilsson, fyrrum rektor háskólans á Bifröst, fjallaði um stöðu lífeyriskerfisins og helstu áskoranir.
- Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur fjallaði um framtíðarsýn í lífeyrismálum.
- Gunnar Jakobsson varaseðlabankastjóri fjallaði um regluverk og fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða í víðu samhengi.
- Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, fjallaði um málefni örorku, stöðu og framtíðarsýn.

Líflegar umræður voru í hópavinnu að loknum framsöguerindum. Í hópunum voru fjögur meginþemu til umræðu:

- Áskoranir eftir breytingar í umhverfi lífeyrissjóða eftir 2017
- Hlutverk og fyrirkomulag LL
- Skyldubundnar tryggingar
- Fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.

Afrakstur hópastarfs var tekinn saman af hópstjórum. Stjórn LL yfirfór þær og fól framkvæmdastjóra LL sem einnig situr í starfshópi grænbókarvinnu að koma helstu áherslum lífeyrissjóða á framfæri á þeim vettvangi.



Gunnar Jakobsson, Þórey S. Þórðardóttir og Snædís Ögn Flosadóttir





Vilhjálmur Egilsson



Benedikt Jóhannesson



Virk þátttaka var í hópstarfi eins og sjá má á myndunum



Fundur með framkvæmdastjórum

Þann 22. nóvember 2023 fundaði stjórn LL með framkvæmdastjórum lífeyrissjóða og formönnum fastanefnda á Grand hóteli. Þar fór Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar LL, yfir stöðuna vegna jarðhræringa í Grindavík og það mikla tjón sem hafði orðið á húsbyggingum og innviðum þar.

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, nefndi mál sem voru á borði LL þá stundina og ræddi um stöðu grænbókarvinnu og vinnslusamning við TR til þess að einfalda gagnasamskipti.

Þóra Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Maskínu, kynnti niðurstöður viðhorfskönnunar á trausti til lífeyrissjóða frá því í október 2023. Traustið hafði aukist lítillega frá síðustu könnun, vorið 2023.



Árni Guðmundsson, fv. framkvæmdastjóri
Gildis – lífeyrissjóðs, Þórey S. Þórðardóttir
og Jón Ólafur Halldórsson



Starfsnefndir Landssamtaka Lífeyrissjóða

ÁHÆTTUNEFND

Helstu verkefni:

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er varða eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.
- Huga að forsendum fyrir tryggingafræðilegum úttektum lífeyrissjóða, eftir atvikum í samstarfi við réttindanefnd.
- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.
- Rýni á gagnamál lífeyrissjóða og hvernig hægt er að auka skilvirkni í gagnaöflun og skýrslugjöf, m.a. til eftirlitsaðila. Jafnframt að huga að rannsóknum er viðkoma lífeyriskerfinu, eftir atvikum í samstarfi við fleiri aðila s.s. háskólasamfélagið.
- Kynningar á störfum áhættustjóra allra sjóða. Sjóðirnir eru misstórir og fjölbreytt starf sem fer fram innan áhættudeilda sjóðanna.

Sérstök verkefni 2023–2024:

- Rýni á tryggingafræðilega úttekt lífeyrissjóða og helstu forsendur matsins. Sérstök rýni á endurmatsreglu við mat á eignum lífeyrissjóða.
- Áherslur í loftslagsmálum og áhrif á áhættumat lífeyrissjóða. Samræma þarf upplýsingagjöf um losun fyrirtækja og mun vinna því tengdu vera unnin í samstarfi við nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.

Öllum sem sinna áhættueftirliti sjóðanna er velkomið að taka þátt í störfum nefndarinnar.

Á starfsárinu sátu eftirtaldir fundi nefndarinnar:

Rebekka Ólafsdóttir, Gildi – lífeyrissjóði, formaður
Borghildur Jónsdóttir, Lífeyrissjóði bænda
Edda Björk Agnarsdóttir, LSR
Einar Már Birgisson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Eyrún Einarsdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Guðmundur Stefán Steindórsson, SL lífeyrissjóði
Halldór Emil Sigtryggsson, Lífeyrissjóði bankamanna

Magnús Helgason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ottó Hólm Reynisson, Stapa lífeyrissjóði og LSA
Pétur Pétursson, Íslenska lífeyrissjóðnum

Ragnheiður Helga Haraldsdóttir, Brú lífeyrissjóði og Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar

Róbert Leó Sigurðsson, Birtu lífeyrissjóði
Sigurður Örn Karlsson, Almenna lífeyrissjóðnum

Styrmir Guðmundsson, Gildi – lífeyrissjóði

Sveinn Friðrik Gunnlaugsson, LSR

Thelma Hrund Kristjánsdóttir, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

Valgeir Geirsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ

Þorbjörn Sigurðsson, Lífsverki

Þráinn Guðbjörnsson, Festu lífeyrissjóði



Húsnæðislán lífeyrissjóða í Grindavík

Mikil umræða hefur verið um stöðu húsnæðislána tengdum Grindavík vegna jarðhræringa og eldsumbrota á Reykjanesi. Lagaumhverfi lífeyrissjóða er annað en banka og á vegum áhættunefndar LL var umræða um lögfræðilít sem aflað var. Utanaðkomandi ráðgjafi vann að greiningu fyrir sjóðina með aðstoð sérfræðinga frá sjóðunum. Fulltrúar áhættunefndar komu að störfum vinnuhóps LL sem fjallaði um málið og átti í samskiptum við stjórnvöld og NTÍ.

Kynningar tengdar störfum áhættustjóra

Á árinu kynntu áhættustjórar allra sjóða störf sín. Sjóðirnir eru ólíkir að uppbyggingu og misstórir og því gagnlegt að fara yfir helstu verkefni og skipulag tengt störfum áhættustjóra hvers sjóðs. Var meðal annars fjallað um auknar kröfur sem gerðar eru til sjóðanna og samskipti við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands.

Valgeir Geirsson hjá Arion banka kynnti einnig útreikning markaðsáættu samkvæmt Solvency II reglugerðinni fyrir fulltrúum áhættunefndar. Sú reglugerð nær til váttryggingafélaga en ekki lífeyrissjóða.

Innleiðing laga og reglugerða – samtal við eftirlitsaðila

Í áhættunefnd hefur mikið verið rætt um hvernig hægt sé að bæta samskipti við eftirlitsaðila. Snýr það að samskiptum við innleiðingu nýrra laga og reglna en jafnframt að því hvernig gagnaskilum til eftirlitsaðila er háttað og hvernig koma megi í veg fyrir tvíverknað í skilum. Kröfur eftirlitsaðila til lífeyrissjóða aukast stöðugt og því er mikilvægt að tryggja þar greið og góð samskipti.

Rætt hefur verið um afnám magnbundinna takmarkana og um upplýsingagjöf stjórnvalda til lífeyrissjóða. Rýna þarf hvað kæmi í staðinn fyrir núverandi regluverk og mögulega að kynnast regluverki annarra landa. Mikilvægt er að skilja hvað greinir íslenskt kerfi að frá öðrum löndum og tryggja að frávik í íslenskri reglugerð endurspegli það.

Fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins komu til fundar við áhættunefnd og kynntu fyrirhugaða reglugerð um rekstraröryggi fyrirtækja á fjármálamarkaði innan ESB, DORA reglugerðina. Í kjölfarið var rætt um hvaða þættir reglugerðarinnar ættu við um íslenska lífeyrissjóði og mögulegt flækjustig í innleiðingarferlinu samhliða því að eldri reglugerðir væru enn í gildi.

Einnig voru ýmsar áherslur og fyrirspurnir frá eftirlitinu ræddar yfir starfsárið, m.a. fyrirspurn um rekstraráættu og frávikatilkynningar, EIOPA úttekt á upplýsingaöryggi og uppfærða reglugerð um lykilupplýsingablöð séreignasjóða. Einnig var rætt hvernig eftirlitið væri með erlendum vörsluaðilum tilgreindrar séreignar.

Endurmat skuldabréfa og tryggingafræðilegt uppgjör

Í áhættunefnd og nefnd um fjárfestingarumhverfi hefur allnokkuð verið rætt um endurmatsreglur vegna skuldabréfaeignar sjóðanna í tengslum við tryggingafræðilegt mat. Skipaður var vinnuhópur um málið með fulltrúum nefndarinnar, nefndar um fjárfestingarumhverfi og tryggingastærðfræðingum og hefur hópurinn fjallað um helstu þætti núverandi fyrirkomulags ásamt því að meta þörf á breytingum til framtíðar.

Samsetning eigna sjóðanna hefur breyst mikið frá því reglugerð um endurmat skuldabréfa tók gildi árið 1998 og þörf er á að endurskoða reglur, sérstaklega hvað varðar verðbólguálag og áhættuálag skuldabréfaflokka. Nátengt þessu málefni er að fjalla áfram um hvað teljist eðlileg viðmiðunarávöxtun sjóðanna í núverandi




vaxtaumhverfi og hvort 3,5% raunávöxtun sé raunsætt viðmið til framtíðar. Búast má við að hópurinn verði áfram að störfum á komandi starfsári og eigi mögulega samskipti við stjórnvöld. Minnisblað var sent á grænbókarhóp stjórnvalda og vinnur hópurinn nú að því að koma ítarlegra minnisblaði og kynningu til ráðuneytisins.

Á vettvangi áhættunefndar hefur einnig verið rætt um hvernig auka megi þekkingu innan sjóðanna á forsendum við mat á tryggingafræðilegri stöðu og hvernig sjóðirnir geti fylgst betur með þróun skuldbindinga á milli árlegra uppgjöra tryggingastærðfræðinga. Með aukinni þekkingu á gögnum sem unnin eru fyrir tryggingastærðfræðinga hafa komið upp ýmis mál er varða tryggingafræðilegt uppgjör sem vert er að rýna nánar, t.d. gögn um eingreiðslu lífeyris, framreikning örorku og aukna sjálfvirknivæðingu tölvukerfa.

Rætt er um kosti þess að sjóðirnir geti í auknum mæli metið sjálfir tryggingafræðilega stöðu sína. Undanfarið hafa danskir tryggingastærðfræðingar unnið að smíði líkans til nálgunar og

Tryggingafræðileg staða • Lífeyrissjóðir án ábyrgðar launagreiðenda



Heimild: Seðlabanki Íslands

sviðsmyndagreiningar á tryggingafræðilegri stöðu og hafa sérfræðingar áhættunefndar komið að því verkefni. Rætt hefur verið um möguleika á að fá dönsku sérfræðingana til að koma til Íslands og kynna líkanið þegar það er tilbúið.

Sjálfbærni í fjárfestingum

Á síðasta starfsári var efnt til vinnustofu með fulltrúum LL og stjórnvalda um lofslagsvegvísa lífeyrissjóðanna og tóku margir fulltrúar áhættunefndar þátt í þeirri vinnu. Í kjölfarið hefur

hópur á vegum LL átt fundi með umhverfisráðherra annars vegar og fjármálaeftirlitinu hins vegar til að fara yfir niðurstöður vinnustofunnar og stöðu mála í ljósi boðaðra aðgerða stjórnvalda.

Í áhættunefnd hefur síðan verið rætt um mögulegar hindranir fjárfestinga í orkuskiptum í núverandi lagaumhverfi og hvernig framtíðarsamtali við stjórnvöld verði háttað.



NEFND UM FJÁRFESTINGARUMHVERFI LÍFEYRISSJÓÐA

Helstu verkefni:

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er við koma fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.

Sérstök verkefni 2023-2024:

- Fylgjast með þróun í loftslagsmálum og grænum fjárfestingum. Stuðla að góðu samstarfi við fulltrúa áhættunefndar og hina ýmsu haghafa við innleiðingu á nýju regluverki er varðar málaflokkinn.
- Eftirfylgni vegna ráðstefnu um innviðafjárfestingar á Íslandi og mögulega aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun slíkra verkefna.
- Skipuleggja fræðslu og/eða eftir atvikum málþing um málefni er varða starfssvið nefndarinnar.
- Ljúka gerð starfsreglna nefndarinnar og skila til stjórnar.
- Rýna núverandi fjárfestingarumhverfi sjóðanna og þær áskoranir sem fylgja aukinni verðbólgu.

- Í tengslum við grænbók um lífeyriskerfið er nefndinni falið, eftir atvikum í samstarfi við áhættunefnd, að taka saman og rýna þær magnbundnu takmarkanir sem gilda um fjárfestingar lífeyrissjóða sem brýnt þykir að breyta.

Nefndina skipa:

Ólafur Sigurðsson, formaður, Birtu lífeyrissjóði

Arne Vagn Olsen, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Baldur Snorrason, Festu lífeyrissjóði

Davíð Rúdólfsson, Gildi – lífeyrissjóði

Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR

Guðmundur T. Ragnarsson, EFÍA og LSBÍ

Guðrún Inga Ingólfssdóttir, Lífsverki

Halla Kristjánsdóttir, LSR

Helga Indriðadóttir, Almenna lífeyrissjóðnum

Jakob Tryggvason, Birtu lífeyrissjóði

Jóhann Steinar Jóhannsson, Stapa lífeyrissjóði

Jón L. Árnason, Lífsverki

Jón Otti Jónsson, SL lífeyrissjóði

Ólafur Örn Jónsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

Soffía Gunnarsdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Svandís Rún Ríkharðsdóttir, Brú lífeyrissjóði

Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Nefndin heldur fasta mánaðarlega fundi auk þess sem aukafundir hafa verið eftir þörfum. Mörg og viðamikil mál hafa verið á dagskrá nefndarinnar á starfsárinu.

Umsagnir um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur o.fl.

Nefndin kemur oft að umsögnum sem LL sendir frá sér um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur þar sem fulltrúar nefndarinnar koma með ábendingar og athugasemdir byggðar á sérþekkingu sinni.

Lagafrumvörp sem nefndin hefur sent umsagnir um varða meðal annars breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða sem ætlað er að rýmka möguleika sjóðanna til fjárfestinga í félögum og hefðu að meginmarkmiði að fjármagna íbúðarhúsnæði til útleigu. Enn fremur umsagnir vegna fyrirhugaðrar lagabreytingar sem ætlað er að auka valfrelsi sjóðfélaga í fjárfestingum viðbótarlífeyrissparnaðar.



Í nefndinni starfar stór hópur sérfræðinga og koma þeir að ýmsum málum er varða lífeyrissjóðakerfið og samtali við stjórnvöld. Eru fulltrúar nefndarinnar oft kallaðir til á fundum LL með stjórnvöldum og eftirlitsaðilum og einnig hafa þeir verið meðal fulltrúa LL á fundum með erlendum aðilum, svo sem AGS, Fitch og S&P.

Fasteignalán í Grindavík

Nefndin hefur fjallað almennt um stöðuna varðandi fasteignalán Grindvíkinga vegna náttúruhamfara á Reykjanesi. Sérfræðingar nefndarinnar hafa einnig starfað í vinnuhópi LL um málið og komið að samtali sjóðanna við stjórnvöld.

Loftslagsmál og grænar fjárfestingar

Málefni tengd grænum fjárfestingum og loftslagsáhættu hafa komið inn á borð nefndarinnar og þau unnin í samvinnu við fulltrúa áhættunefndar. Lífeyrissjóðir fengu sent dreifibréf frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands í september 2023 þar sem óskað var eftir svörum við mjög ítarlegum spurningalista um loftslagsáhættu. Umræður sköpuðust um hvers mætti vænta af eftirlitsaðilum og hvert yrði framhaldið á þessari vegferð.

Nefndin hefur einnig rætt fyrirhugaðan loftslagsvegvisi stjórnvalda eftir að beiðni barst frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu vorið 2023 um að lífeyrissjóðirnir héldu vinnustofu um málefnið. Eftir vinnustofuna hefur málefnið verið rætt í nefnd um fjárfestingarumhverfi, í áhættunefnd og á vegum framkvæmdastjóra sjóðanna.

Grænbók um lífeyrismál

Á vinnu- og stefnumótunarfundi LL í ágúst 2023 var mikil áhersla lögð á vinnu tengda grænbók stjórnvalda. Í nefnd um fjárfestingarumhverfi hefur hópur sérfræðinga rýnt vinnuefni grænbókarinnar og verið fulltrúum LL innan handar um efnistöð og áherslur LL vegna grænbókar um lífeyrismál.

Erlendar eignir lífeyrissjóða • Hlutfall af heildareignum



Heimild: Seðlabanki Íslands



Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða

Fulltrúar nefndarinnar eru sammála um mikilvægi þess að vinna verði hafin sem fyrst við að yfirfara almennar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Þeim skilaboðum hefur verið komið á framfæri í umsögnum um frumvörp er varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Þykir brýnt að koma þeim skilaboðum skýrt á framfæri, hefja samtalið og koma þeirri vinnu í faglegan farveg.

Gjaldeyrismarkaður og heimildir lífeyrissjóða til erlendra fjárfestinga

Nýlegar lagabreytingar sem liðkuðu fyrir fjárfestingum lífeyrissjóða í erlendri mynt hafa haft mikla þýðingu fyrir fjárfestingarstefnu sjóðanna til framtíðar enda eru margir sjóðir með unga sjóðfélagahópa og því með mikla fjárfestingarþörf næstu áratugi. Með breytingunum jókst sveigjanleiki sjóðanna til að takast á við tímabundnar gengissveiflur krónunnar eða sveiflur á erlendum eignamörkuðum, jafnvel þótt eignir fari þá tímabundið yfir lögbundið hámark.

Fjárfestingarumhverfi og réttarheimildir

Nefndin hefur fjallað almennt um fjárfestingarumhverfi sjóðanna. Hraðar breytingar hafa átt sér stað þar undanfarin ár. Mikil áhersla hefur verið á breytingar á löggjöf er varðar fjárfestingar og því til samræmis hefur regluverk ESB sem innleitt er í íslenskan rétt á grundvelli EES-samningsins aukist gríðarlega. Á vegum nefndarinnar hefur talsvert verið rætt um hvernig sjóðirnir vinni best að því að fylgjast með og vera sem best búnir undir breytingar sem eru í farvatninu hverju sinni.



RÉTTINDANEFND

Helstu verkefni:

- Fara yfir og hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar.
- Beita sér fyrir stefnumörkun um framtíðarskipan lífeyrisgreiðslna og verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins.
- Huga að samræmdum reglum og vinnulagi milli lífeyrissjóða þar sem þess gerist þörf, s.s. með setningu leiðbeinandi reglna.

Sérstök verkefni 2023-2024:

- Þróun gagnasamskipta lífeyrissjóða við aðrar stofnanir í gegnum Strauminn. Verkefnið tengist bæði samskiptum sjóðanna við ytri stofnanir og sín á milli.
- Huga að samræmdu verklagi við meðhöndlun örorkumála eftir því sem unnt er. Í þessu samhengi m.a.:

- Vinna að samræmingu á framkvæmd tekjueftirlits með örorkulífeyrisgreiðslum og meta umboð sem sjóðfélagar veita sjóðunum til gagnaöflunar.
- Skoða grundvöll að stofnun úrskurðarnefndar sem myndi hafa það hlutverk að úrskurða um réttarstöðu sjóðfélaga sem ósáttir eru við afgreiðslu sinna mála.
- Taka saman leiðbeinandi vinnureglur við mat á orkutapi.
- Grænbók stjórnvalda. Vera til taks varðandi þau málefni sem heyra undir nefndina, s.s. mótun á framtíðarsýn á samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða bæði hvað varðar ellilífeyri og örorkulífeyri.
- Kortleggja mál sem varða réttindi aðila sem búa erlendis og eiga réttindi hér á landi og gera aðgerðaáætlun út frá niðurstöðum.
- Lífeyrisgáttin. Fylgjast með og styðja við uppfærslu á Lífeyrisgáttinni. Verkefni þetta er jafnframt á vegum fræðslunefndar.

Nefndarmenn:

Jóna Finndís Jónsdóttir, formaður, Stapa lífeyrissjóði

Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi – lífeyrissjóði

Ásta M. Þórhallsdóttir, Íslenska lífeyrissjóðnum

Berglind Guðmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði

Gauti Jónasson, Festu lífeyrissjóði

Haukur Jónsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

Helgi Pétur Magnússon, Almenna lífeyrissjóðnum

Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði

Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

Oliver Ómarsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Ólafur Páll Gunnarsson, Íslenska lífeyrissjóðnum

Ólafur K. Ólafsson, Lífeyrissjóði bænda

Rut Valgeirsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum

Sigbrúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

Þorbjörg Kristjánsdóttir, SL lífeyrissjóði

Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði



Réttindanefnd hefur haft fjölbreytt málefni til umfjöllunar á árinu. Á vegum hennar er rætt um málefni sem varða þróun réttindakerfisins og samspil þess við almannatryggingar. Fjöldi undirhópa starfar innan réttindanefndar og hefur fundum hennar fækkað þannig að þeir eru mest nýttir sem yfirlitsfundir þar sem vinnuhópar fara yfir stöðu verkefna sinna og næstu skref. Á starfsárinu hélt nefndin 5 fundi.

Helstu verkefni nefndarinnar á árinu voru:

Örugg gagnasamskipti – Straumurinn og TR

Á vegum LL hefur verið unnið að uppsetningu Straumsins hjá lífeyrissjóðum. Á þann hátt verða sjóðirnir í stakk búnir til að auka stafræn gagnasamskipti stofnana til hagsbóta fyrir sjóðfélaga. Fyrsta verkefnið tengist samskiptum TR og lífeyrissjóða og því hvernig sjóðirnir geti á einfaldari hátt sent staðfestingu um töku lífeyris til TR. Ætlunin er að ljúka því verkefni um mitt ár 2024. Aukin skilvirkni í gagnasamskiptum stofnana bætir þjónustu við sjóðfélaga auk þess að auka öryggi við upplýsingaflæði.



Þórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri LL og Huld Magnúsdóttir forstjóri TR

Hópur innan LL, skipaður bæði tæknimönnum og fulltrúum réttindakerfanna, hefur komið að verkefninu.

Hópin skipa:

Ásta Ásgeirsdóttir, LL

Helga Sveinbjörnsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Una Lára Lárusdóttir, Gildi - lífeyrissjóði

Tæknifulltrúar:

Berglind Guðmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

Guðmundur Sæmundsson, Fuglum – hugbúnaðarhúsi

Ólafur Hrafn Nielsen, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Ómar Þór Ómarsson, LSR

Óskar Ármannsson, Reiknistofu lífeyrissjóða

Ragnheiður Jónasdóttir, Brú lífeyrissjóði.

Signet Transfer hópur

Enn sem komið er fara gagnasendingar milli sjóða í gegnum **Signet Transfer** og sama kerfi er einnig notað fyrir gagnasendingar milli sjóðanna og TR. Hópur á vegum LL kemur að uppfærslu ferla og reglna í tengslum við gagnasendingar með **Signet Transfer** og fer yfir breytingar þegar þeirra gerist þörf.



Pennan hóp skipa:

Sara J. Stefánsdóttir, formaður, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Ágústa Hrönn Gísladóttir, Gildi – lífeyrissjóði

Ásta Ásgeirsdóttir, LL

Jenný Ýr Jóhannsdóttir, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

Ragnheiður Pétursdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Sigrún Þ. Björnsdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði.

Tekjueftirlit örorkulífeyris

Undanfarið hefur vinnuhópur innar réttindanefndar rýnt gildandi framkvæmd við tekjueftirlit örorku hjá sjóðunum en framkvæmdin hefur að einhverju leyti verið mismunandi hjá sjóðunum. Hópurinn hefur kynnt tillögur varðandi þætti sem sjóðirnir mættu samræma betur til gagns fyrir sjóðfélaga. Meðal þess sem hópurinn hefur kannað sérstaklega eru eftirfarandi þættir:

- Tímabil fyrir mat á viðmiðunartekjum fyrir orkutap. Hópurinn hefur lagt til að samræmd verði undantekningarregla um átta ár í stað þriggja/fjögurra ára ef um er að ræða sjúkdómsforföll, nám, barneignir eða atvinnuleysi á hefðbundnu viðmiðunartímabili.

- Yfirfarið verklag sjóða vegna skattskyldra tekna frá TR sem ekki teljast sem tekjur við tekjueftirlit hjá sjóðunum.
- Leiðbeinandi reglur um til hvaða tekna skuli líta hvað varðar samanburð tekna fyrir orkutap við tekjur eftir orkutap.

Hópurinn skipa:

Jóna Finndís Jónsdóttir, formaður, Stapa lífeyrissjóði

Ásta M. Þórhallsdóttir, Íslenska lífeyrissjóðnum

Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði

Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða


Sólveig Hjaltadóttir, LL

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

Verklag við meðhöndlun örorkumála

Málefni tengd örorku eru umfangsmikil í sjóðunum og var vinnuhópur settur á laggir til þess að taka saman fyrirliggjandi gögn við mat á orkutapi með það að markmiði að útbúa leiðbeinandi viðmið við mat á orkutapi fyrir lífeyrissjóðina.

Lífeyrir frá lífeyrissjóðum og TR - Árið 2022



Heimild: Seðlabanki Íslands, Tryggingastofnun ríkisins



Hópin skipa:

Oliver Ómarsson, formaður, Lífeyrissjóði
verzlunarmanna

Helga Sveinbjörnsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum,
EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði

Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði

Sara J. Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Sólveig Hjaltadóttir, LL

Telma Birkisdóttir, Arionbanka

Þórey S. Þórðardóttir, LL

Eftir að hafa rýnt fyrirleggjandi gögn voru gerð
drög að leiðbeinandi viðmiðunarreglum við mat á
orkutapi. Þau voru lögð til grundvallar í vinnustofu
í september 2023. Þar tóku þátt starfsmenn sem
koma með einum eða öðrum hætti að afgreiðslu
örorkuumsókna, ásamt trúnaðarlæknum sjóðanna.

Mikill samhljómur var í ábendingum í hópastarfi
um hvaða umbætur væri æskilegt að gera á
leiðbeinandi viðmiðunarreglum og ljóst að vilji er til
þess að samræma vinnulag eftir því sem frekast er
unnt.

Afrakstur vinnustofunnar var nýttur til þess
að þróa áfram leiðbeinandi viðmiðunarreglur.
Nokkur vafaatriði þarf enn að skýra betur í



Frá hópastarfi í vinnustofunni



viðmiðunarreglunum og mun réttindanefndin vinna að því í samráði við trúnaðarlækna.

Grænbók stjórnvalda - framtíðarþróun lífeyrissjóðakerfisins


Undanfarið hefur starfshópur á vegum stjórnvalda fjallað um framtíð íslenska lífeyrissjóðakerfisins og eru Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, og Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins, fulltrúar LL í starfshópnum. Hópurinn hóf störf á vormánuðum 2023 og gerði ráð fyrir að skila af sér skýrslu í desember sama ár en vinnan hefur tafist nokkuð.

Mörg af þeim verkefnum sem unnin hafa verið á vettvangi réttindanefndar koma að gagni í grænbókarvinnunni og má þar nefna að Helgi Pétur Magnússon og Hrannar Bragi Eyjólfsson frá Almenna lífeyrissjóðnum héldu kynningu fyrir grænbókarhópinn þar sem farið var yfir skýrslu vinnuhóps um séreign lífeyrissjóðanna og gildandi lagaumhverfi um erfanleika séreignarsparnaðar.

Réttindi erlendra sjóðfélaga

Erlendum sjóðfélögum lífeyrissjóða hefur fjölgað mjög og samhliða því fjölgar líka í hópi Íslendinga sem flytjast utan til lengri eða skemmri tíma. Vinnuhópur á vegum LL hefur unnið að því að

Hlutfall erlends starfsfólks á vinnumarkaði



kanna málefni þessa hóps og hvernig tryggja megi góða og skilvirka þjónustu við alla sjóðfélaga, óháð búsetu og uppruna. Hópurinn hefur undanfarið ár fundað með fulltrúum Skattsins og farið yfir mögulegar úrbætur í upplýsingagjöf á heimasíðu Skattsins. Þá ræddi hópurinn rafræna auðkenningu sjóðfélaga og þann galla að ekki er skráð erlend kennitala hjá Þjóðskrá Íslands. Jafnframt hefur fræðslunefnd LL komið að því að bæta upplýsingamiðlun til erlendra sjóðfélaga lífeyrissjóða með stuttum fræðslumyndböndum um íslenska lífeyriskerfið á ensku og pólsku.

Hópurinn skipa:

Ásta Ásgeirsdóttir, formaður, LL

Berglind Guðmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði

Sigprúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Sólveig Hjaltadóttir, LL

Lífeyrisgáttin

Stefnt er að áframhaldandi þróun

Lífeyrisgáttarinnar og miðað við að

framtíðartæknilausnir byggist á sömu tækni



og unnið er að með Stafrænu Íslandi varðandi gagnasamskipti sjóðanna. Lífeyrissgáttin var tekin í notkun árið 2013 og var mjög til bóta fyrir sjóðfélaga en þörf er á umbótum til að sjóðfélagar geti nálgast heildarréttindi sín á einum stað.

Stefnt er að því að sjóðfélagar geti í framtíðinni nálgast upplýsingar um samtryggingarréttindi, viðbótarlífeyrissparnað og aðra séreign í Lífeyrissgáttinni.

Hópur innan LL hefur rýnt mögulega tæknilega útfærslu verkefnisins.

Hópurinn skipa:

Ásta Ásgeirsdóttir, verkstjóri, LL

Dísa Björg Jónsdóttir, LSR

Guðný Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði

Hjörtur Smári Vestfjörð, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

Ragnheiður Jónasdóttir, Brú lífeyrissjóði

Persónuverndarmál

Persónuverndarhópur á vegum LL hittist eftir þörfum og fer yfir mál er varða gögn frá lífeyrissjóðum og skilyrði sem þarf að uppfylla við

afhendingu gagna. Hópurinn hefur m.a. fjallað um gagnasamskipti lífeyrissjóða við aðrar stofnanir í tengslum við innleiðingu Straumsins og hvaða gögn eiga að fylgja umsóknum til VIRK.

Hópurinn skipa:

Rebekka Ólafsdóttir formaður, Gildi – lífeyrissjóði

Ásta Ásgeirsdóttir, LL

Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði

Helgi Pétur Magnússon, Almenna lífeyrissjóðnum

Oliver Ómarsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

Örorkuumsóknir

Vinnuhópur innan LL hefur sett upp samræmt eyðublað fyrir örorkuumsóknir á íslensku og ensku. Hópurinn er áfram til staðar ef upp koma mál tengd örorkuumsóknum.

Hópurinn skipa:

Sigprúður Jónasdóttir, formaður, Birtu lífeyrissjóði

Anna Björk Sigurðardóttir, LSR

Bryndís Reynisdóttir, Brú lífeyrissjóði

Jóney Gylfadóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Úrskurðarnefnd um lífeyrissréttindi

Á vegum LL er rætt hvort þörf sé fyrir sérstaka úrskurðarnefnd þegar upp koma mál þar sem sjóðfélagar eru ósáttir við meðhöndlun mála sinna hjá lífeyrissjóðum. Vinnuhópur innan réttindanefndar hefur haft málið til athugunar og tekið saman ítarlegt minnisblað sem byggist að hluta til á eldri tillögum. Stefnt er að því að kynna málið hjá sjóðunum og ákveða í framhaldinu næstu skref.

Hópurinn skipa:

Helgi Pétur Magnússon, formaður, Almenna lífeyrissjóðnum

Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi – lífeyrissjóði

Hrannar Bragi Eyjólfsson, Almenna lífeyrissjóðnum

Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði

Þórey S. Þórðardóttir, LL



Þróunarráð VIRK

Kannað hefur verið á vegum LL hvaða þættir í starfsemi VIRK geti komið að gagni við mat á orkutapi sjóðfélaga. Jafnframt hefur verið rætt um aðgengi trúnaðarlækna að upplýsingum frá VIRK og hversu mikið þeir nýta sér þær upplýsingar sem eru til staðar. Áhersla er lögð á samtal við trúnaðarlækna og VIRK til að meta hvort þörf sé fyrir breytingar.

Mikilvægt er að hafa í huga að um mjög viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða. Hefur vinnuhópur komið að því að kortleggja núverandi verklag og leggja drög að uppfærslu þess. Að þessari vinnu koma fulltrúar lífeyrissjóða, trúnaðarlækna og VIRK.

Í starfshópnum eru:

Ingibjörg Loftsdóttir, VIRK

Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

Sigprúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

Júlíus Valsson, trúnaðarlæknir

Þórey S. Þórðardóttir, LL



SAMSKIPTANEFND

Helstu verkefni:

- Móta stefnu í sameiginlegum kynningarmálum lífeyrissjóða.
- Annast samskipti við fjölmiðla og fjölmiðlavöktun.

Sérstök verkefni 2023-2024:

- Efla skipuleg almannatengsl á vegum LL.
- Fylgjast með og styðja við greinaskrif.
- Rýna reglulega hvaða upplýsingum sjóðirnir eigi að koma á framfæri, t.d. með útsendingu fréttabréfa LL.
- Auka samstarf við fræðslunefnd vegna ýmissa fræðslu- og kynningarmála.
- Fræða almenning um áhrif hækkandi lífaldurs á lífeyrisréttindi í samstarfi við fræðslunefnd.

Nefndarmenn:

Jón Ólafur Halldórsson, formaður, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

Aðalbjörn Sigurðsson, Gildi – lífeyrissjóði

Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum

Davíð Rúðólfsson, Gildi – lífeyrissjóði

Gerður Guðjónsdóttir, Brú lífeyrissjóði

Gunnar Baldvinsson, Almenna lífeyrissjóðnum

Harpa Jónsdóttir, LSR

Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

Kristinn Jón Arnarson, LSR

Þórey S. Þórðardóttir, LL

Sólveig Hjaltadóttir, verkefnastjóri hjá LL, starfaði einnig með nefndinni.

Eftir að ný samskiptastefna LL var mörkuð hefur föstum fundum samskiptanefndar fækkað og voru þeir fimm talsins á starfsárinu. Með nýrri samskiptastefnu hefur verið lögð aukin áhersla á að kalla til sérfræðinga hjá lífeyrissjóðum sem þekkja til mála hverju sinni og hefur það reynst vel. Nefndin hefur einnig lagt áherslu á að fulltrúar lífeyrissjóða eigi frumkvæði að greinaskrifum um málefni líðandi stundar.

Helstu samskipta- og kynningarleiðir

Nefndin fjallar um mál sem eru í deigluinni hverju sinni. Þá er rætt um viðtöl og greinar sem tengjast lífeyrismálum og metið hvort bregðast skuli við

og með hvaða hætti. Upplýst er um fyrirhuguð fræðsluerindi enda starfar samskiptanefnd náið með fræðslunefnd LL.

Jarðhræringar í Grindavík

Málefni Grindvíkinga vegna íbúðalána hafa talsvert verið á borði samskiptanefndar frá upphafi jarðhræringanna í nóvember 2023. Rætt var um stöðu lífeyrissjóða sem lánveitenda og hvernig sjóðirnir ættu að bregðast við þrýstingi sem á þá var í þjóðfélaginu um eftirgjöf krafna.

Niðurstaðan varð sú að ríkið komi að niðurgreiðslu á verðbótum og vöxtum á sjóðfélagalánum til samræmis við þá leið sem viðskiptabankarnir buðu lánveitendum með veði í íbúðarhúsnæði í Grindavík. Lífeyrissjóðir hafa tekið þátt í samningum er tengjast uppkaupum ríkisins á íbúðarhúsnæði Grindvíkinga.

Áform stjórnvalda um slit ÍL sjóðs

Mál tengd ÍL sjóði hafa verið á borði samskiptanefndar frá því vorið 2023. Íslensku lífeyrissjóðirnir eru stærstu eigendur skuldabréfa



sjóðsins og því ljóst að miklir hagsmunir eru í húfi. Fjöldi umsagna hefur verið sendur í samráðsgátt stjórnvalda og til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem ríkið er hvatt til þess að hverfa frá áformum um að slíta sjóðnum og finna aðrar og farsælli leiðir til að leysa fjárhagsvanda ÍL sjóðs.

Þátttaka lífeyrissjóða sem beinna lánveitenda á íbúðalánamarkaði

Nokkur umræða hefur verið um stöðu lífeyrissjóða sem beinna lánveitenda á húsnæðislánamarkaði. Í fjölmiðlum hafa birst þau sjónarmið úr ýmsum áttum, svo sem frá fulltrúum fjármálafyrirtækja, stjórnvöldum og Seðlabanka Íslands, að lífeyrissjóðir eigi ekki að veita bein lán til sjóðfélaga. Fulltrúar lífeyrissjóða hafa eftir atvikum brugðist við þessu í umræðunni og bent á að sjóðirnir hafi veitt lán til sjóðfélaga í áratugi og aukið þannig samkeppni um val neytenda á íbúðalánamarkaðnum.

Lífeyrismál.is

Vinsælustu síðurnar á **Lífeyrismál.is** eru hér eftir sem hingað til *Lífeyrisgáttin*, *Spurt* og *svarað* og *Allir lífeyrissjóðir*.

Vefsíðan **Lífeyrismál.is** gegnir lykilhlutverki í miðlun upplýsinga hjá LL, bæði fyrir sjóðfélaga og starfsmenn lífeyrissjóða.

Heimsóknum á heimasíðunni fjölgaði um tæplega 14% frá fyrra ári sem er jákvæð þróun. Langflestir notendur eru á Íslandi eða 85%. Ákveðinn kjarni notenda kemur reglulega á heimasíðuna til að afla sér upplýsinga. Flestir notendur koma í gegnum leitarvél (Google) eða tæp 50%. Því næst koma notendur í gegnum samfélagsmiðla, nær alltaf Facebook. Þar nam fjölgun heimsókna á einu ári 114%.


Ásta Ásgeirsdóttir, hagfræðingur hjá LL, hefur umsjón með birtingu talnaefnis og eru reglulega uppfærðar hagtolur sem varða lífeyrissjóðakerfið. Fjölbreytt efni er birt undir *Tölur og gögn*, bæði á íslensku og ensku.

Fjöldi fyrirspurna berst til LL á vefnum, aðallega frá þeim sem eru búsettir erlendis. Þar koma við sögu bæði Íslendingar og fólk af erlendum uppruna sem starfaði á Íslandi og leitar upplýsinga um réttindi sín hjá lífeyrissjóðum. Á vefnum er ítarlegt Spurt og svarað á þremur tungumálum (íslensku, ensku og pólsku). Efnið er uppfært reglulega og einnig notast við fræðslumyndbönd sem skýra hlutina á hnitmiðaðan hátt.

Viðhorfskannanir á vegum Maskínu

Gerðar voru tvær viðhorfskannanir árið 2023 og sýndu báðar lítilliga aukningu trausts á lífeyrissjóðum. Markmiðið með slíkum könnunum, sem hafa verið gerðar frá árinu 2016, er að fylgjast

Traust til lífeyrissjóða




á hverjum tíma með viðhorfum og þekkingu almennings á lífeyrissjóðum og kerfinu í heild sinni. Ástæðan fyrir tveimur könnunum árið 2023 er sú að tilefni þótti til að kanna sérstaklega hvað gæti skýrt fremur lítið almennt traust til lífeyrissjóða. Í síðari könnuninni var fyrst spurt um hvort fólk vissi í hvaða lífeyrissjóð það væri að greiða og flestir vissu það. Þá voru svarendur spurðir um traust til eigin sjóðs og við það jókst traust til lífeyrissjóða örlítið frá fyrri könnun, vorið 2023.

Síðan var spurt hvort fólk bæri mikið eða lítið traust til íslensku lífeyrissjóðanna og þeir sem svöruðu í meðallagi, fremur lítið og mjög lítið, voru spurðir áfram hvers vegna viðkomandi bæru ekki almennt meira traust til lífeyrissjóðanna. Hægt var að velja eitt eða fleiri atriði.


Niðurstöður má sjá í myndinni.

Þá var kannað viðhorf til lífeyrissjóða með eftirfarandi spurningum og staðhæfingum. Hægt var að velja fleiri en eitt atriði.

Hver af eftirtöldum atriðum telur þú eiga best við sem útskýra af hverju þú berð almennt ekki meira traust til lífeyrissjóða?



Telur þú að einhverjar af eftirfarandi staðhæfingum eigi við um íslenska lífeyrissjóði?



Greinaskrif

Á starfsárinu voru nokkrar greinar skrifaðar af sérfræðingum lífeyrissjóðanna. Atli Rúnar Halldórsson, blaðamaður og rithöfundur, hefur aðstoðað við greinaskrif líkt og undanfarin ár.

Í október birtist grein eftir Þóreyju S. Þórðardóttir og Sólveigu Hjaltadóttir á Vísi undir yfirskriftinni *Verum læs á fjármálaumhverfið*. Þar er fjallað um mikilvægi þess að bjóða ungmennum kennslu í fjármálum í tengslum við verkefnið Fjármálavit sem LL hefur haft aðkomu að.

Í desember birtist grein eftir Ástu Ásgeirsdóttur, hagfræðing hjá LL, á Vísi. Hún fjallaði um stöðu og þróun íslenska lífeyriskerfisins.

Aðalbjörn Sigurðsson hjá Gildi – lífeyrissjóði skrifaði grein á Vísi í desember og vakti athygli á hreinum fjárfestingartekjum íslenskra lífeyrissjóða síðustu fimm árin.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, skrifaði grein í Morgunblaðið í janúar undir yfirskriftinni *Annarra manna fé – lífeyrissjóðir hafa ekki leyfi til að gefa fé sjóðfélaga og styðja við góð málefni, sama hversu mikilvæg og nauðsynleg þau eru*.

Samfélagsmiðlar

Birtingar á samfélagsmiðlum eru ein helsta leiðin sem LL nýta til þess að vekja athygli á málefnum tengdum lífeyriskerfinu. Þar er vakin athygli á fréttum og kynningar á Lífeyrsviti eru auglýstar. Margar heimsóknir á vefinn lífeyrismal.is koma með þeim hætti að fólk leitar sér nánari upplýsinga þegar það hefur séð kynningarefni.



Fólkið sem sýnir efni á samfélagsmiðlum mestan áhuga er 65 ára og eldra.



Mánaðarpóstur

LL upplýsir starfsmenn og stjórnarmenn lífeyrissjóða reglulega um áhugaverð málefni með því að senda út mánaðarpósta. Vakin er athygli á fræðsluerindum og því sem er á döfinni hverju sinni.



Vekjum athygli á að Seðlabanki Íslands hefur gefið út rannsóknarritgerð um 'Supplementary pension savings in Iceland'. Höfundar eru Ás Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu og Sv. Hagfræðingur á sviði hagfræði og peningastefnu.



Fræðslunefnd LL vill kanna hvaða fræðslu fólk sem starfar innan lífeyrissjóðanna hefur áhuga á. Þá er t.d. verið að huga að hádegisfræðslu en einnig hvaða tímasetning hentar fyrir fræðslu og hvaða efni væri áhugavert að taka fyrir. Niðurstöður verða nýttar til að móta fræðsluáætlun vetrarins.



LÍFEYRISGÁTTIN SPURT OG SVARAÐ LÍFEYRISJÓÐIRNIR LL



Lífeyrismál.is
UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL



Árið 2023 einkenndist af þrálátri verðbólgu hér á landi og sveiflum bæði á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Íslensku lífeyrissjóðirnir skiluðu jákvæðri raunávöxtun á árinu en samkvæmt áætlun Landssamtaka lífeyrissjóða var meðalávöxtun sjóðanna árið 2023 jákvæð um hálf þúsund prósent að raunvirði sem svarar til rúmlega 8% nafnávöxtunar.

Fréttabréf

Send voru út átta fréttabréf á árinu. Áskrifendur eru um fjögur þúsund talsins. Vakin er athygli á greinum, ráðstefnum, fyrirlestrum og birt fleira sem höfðar til þeirra sem áhuga hafa á lífeyrismálum. Reglulega eru sendar út fréttir um hagtölur lífeyrissjóða, t.a.m. eignir lífeyrissjóða og hvernig ávöxtun hefur þróast.

LÍFEYRISGÁTTIN SPURT OG SVARAÐ LÍFEYRISJÓÐIRNIR LL



Lífeyrismál.is
UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL

ÚT FYRIR ENDIMÖRK ALHEIMSINS
-Innlit í heim sprotafjársfestinga-
3. nóvember 09:00-12:00 í Grósku

...m athygli á morgunráðstefnu sem fram fer í Grósku þann 3. nóvember kl. 9:00 -
...Flutt verða stutt erindi í bland við pallborðsumræður sem veita innsýn í vistkerfi
sprotafjársfestinga á Íslandi.



Landssamtökin tóku þátt í ráðstefnu á vegum Háskóla Íslands um miðjan mars. Þar var varpað fram spurningunni *Hverjir geta dregið úr kynjabilinu í stjórnendastöðum í atvinnulífinu?*

Snædís Ögn Flosadóttir, forstöðumaður á mörkuðum hjá Arion banka og fyrrum framkvæmdastjóri EFÍA og LSBÍ, flutti sem fulltrúi LL erindi sem bar yfirskriftina *Faldi fjórðungurinn – stækkum kökuna.*

Hún fjallaði um með hvaða hætti lífeyrissjóðir gætu lagt sitt af mörkum til að stytta kynjabil í stjórnendastöðum og um þróun á mati á stjórnarháttum og öðrum ófjárhagslegum upplýsingum fjárfestingarkosta.



Þóra H. Christiansen aðjúnkt HÍ, Magnús Harðarson, Nasdaq Iceland, Gunnar Gunnarsson, Creditinfo, Snædís Ögn Flosadóttir, Arionbanka, og Ásta Dís Óladóttir, prófessor í HÍ

FRÆÐSLUNEFND

Helstu verkefni:

- Skipuleggja og hafa frumkvæði að námskeiðahaldi og almennri fræðslu fyrir lífeyrissjóði.
- Vinna að gerð og þróun fræðslu- og kynningarefnis um lífeyriskerfið.
- Efla og viðhalda síðunni Lífeyrismál.is í samstarfi við samskiptanefnd.
- Koma Lífeyrisviti á framfæri sem víðast til almennings, svo sem til fyrirtækja og stofnana og félagasamtaka.
- Fylgja eftir nýjungum og breytingum sem tengjast lífeyrismálum með fræðslu til starfsfólks lífeyrissjóða, fyrirtækja og/eða almennings.
- Styðja við verkefni annarra fastanefnda LL með fræðslu þar sem við á, til lífeyrissjóða, fyrirtækja og/eða almennings.

Sérstök verkefni 2023-2024:

- Semja fræðslu- og námskeiðsáætlun samtakanna 2023-2024 og setja fram áherslur fyrir árið.

- Fjármálavit. Fylgjast með og eftir atvikum styðja við framgang fjármálalæsisverkefnisins Fjármálavits í grunnskólum.
- Fylgjast með og eftir atvikum styðja við fræðslu ASÍ um lífeyrismál í framhaldsskólum og kanna möguleika á lífeyrisfræðslu í háskólum.
- Vinna að fræðslu fyrir nýbúa s.s. með því að uppfæra Lífeyrisvit á ensku og pólsku.
- Fylgja eftir nýjungum og breytingum sem tengjast lífeyrismálum með fræðslu til starfsfólks lífeyrissjóða og/eða almennings eftir atvikum:
 - Áhrif hækkandi lífaldurs á lífeyrisréttindi í samstarfi við samskiptanefnd.
 - Kynna tilgreinda séreign.

Nefndarmenn:

Hildur Hörn Daðadóttir, formaður, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Auður Kjartansdóttir, Brú lífeyrissjóði

Ástey Gunnarsdóttir, LSR

Eva Jóhannesdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Elsa Björg Pétursdóttir, Stapa lífeyrissjóði

Halldór Bachmann, Almenna lífeyrissjóðnum

Helga Sveinbjörnsdóttir, EFÍA, LSBÍ og Frjálsa lífeyrissjóðnum

Ingibjörg Ólafsdóttir, Gilði – lífeyrissjóði

Valmundur Valmundsson, Lífeyrissjóði

Vestmannaeyja

Sólveig Hjaltadóttir, verkefnastjóri hjá LL, starfaði með nefndinni.

Eitt af hlutverkum LL er að annast fræðslumál og þar gegnir fræðslunefnd LL stóru hlutverki. Í upphafi starfsárs stóð nefndin fyrir þeirri nýbreytni að gera viðhorfskönnun meðal starfsmanna lífeyrissjóða varðandi fræðslumál. Markmiðið með könnuninni, sem bar yfirskriftina „Hvað finnst þér áhugavert?“, var að kalla eftir endurgjöf á fræðslu sem hefur verið í boði undanfarin misseri, kanna hverju starfsfólk lífeyrissjóða hefur áhuga á og í hvaða formi henti því best að fá fræðslu.



Margir gáfu sér tíma til að svara spurningum í könnuninni en jafnframt voru opin svör þar sem komu fram góðar hugmyndir og ábendingar varðandi fræðslumál. Almenn ánægja var með þá fræðslu sem er í boði á vegum LL.

Þá kom einnig fram að flestir vilja hafa fræðslu á fjarfundum og að upptakan sé aðgengileg eftir fundinn. Fræðslunefnd hafði niðurstöður til hliðsjónar við gerð fræðsluáætlunar starfsársins.

Fræðslufundir

Fræðslunefnd skipulagði metnaðarfulla fræðsluáætlun fyrir starfsárið þar sem tekið var tilliti til óska svarenda í viðhorfskönnuninni. Á starfsárinu var áhersla lögð á að kynna starf fastanefnda LL og kynntu formenn fastanefnda helstu verkefni og áherslur nefndanna. Enn fremur voru kynnt mismunandi réttindi í lífeyrissjóðum sem mikill áhugi var fyrir. Störf nefnda og mismunandi uppbygging sjóða var eingöngu kynnt á fjarfundum.

Sólveig Hjaltadóttir hjá LL kynnti íslenska lífeyriskerfið í desember og var sú kynning sérstaklega ætluð þeim sem nýlega höfðu hafið störf hjá lífeyrissjóðum.

Í janúar var fjölmennur fjarfundur þar sem Jóna Finndís Jónsdóttir hjá Stapa lífeyrissjóði og Margrét Kristinsdóttir hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna fjölluðu um örorkumál hjá sínum sjóðum og samspil greiðslna lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar.

Fulltrúar TR héldu fræðslufund í Guðrúnartúni í janúar þar sem Ólafur Guðmundsson, yfirlæknir TR, fjallaði um nálgun TR í örorkumatsferlinu og Anna Hugufrún Jónasdóttir, teymisstjóri örorku- og endurhæfingar, fór yfir skilyrði, umsóknarferli og tekjutengingar greiðslna. Var fundurinn mjög vel sóttur, bæði á staðfundi og fjarfundi.



Ólafur Guðmundsson og Anna Hugufrún Jónasdóttir

Í mars var kynning á starfsemi IcelandSIF. Anna Þórdís Rafnsdóttir formaður og Eyrún Anna Einarsdóttir, varaformaður stjórnar IcelandSIF, fjölluðu um hlutverk samtakanna – óháðs vettvangs fyrir umræðu og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Í maí var haldin kynning á helstu niðurstöðum MS ritgerðar eftir Írisi Bettý Alfreðsdóttur. Ritgerðin var gerð í samstarfi við Reykjavíkurborg og fjallaði um heildarupplifun starfsmanna við starfslok.

Kynningar á ólíkum gerðum lífeyrissjóða

Í febrúar var kynnt umbygging blandaðra sjóða þar sem Helga Sveinsbjörnsdóttir, sem starfar hjá sjóðum hjá Arion banka, greindi frá mismunandi eiginleikum samtryggingar og séreignar. Um fjórðungur lífeyrissjóða á landinu er blandaðrar gerðar.

Í mars voru síðan kynntir opinberir sjóðir. Dísá Björg Jónsdóttir, sem starfar hjá LSR, greindi frá regluverki og uppbyggingu þeirra.

Aðalbjörn Sigurðsson, hjá Gildi – lífeyrissjóði, kynnti lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði í maí. Þar greindi hann frá sögu þeirra og uppbyggingu.



Fastanefndir LL - kynningar

Eins og áður var nefnt voru formenn allra nefnda LL með kynningar á störfum sinnar nefndar. Ólafur Sigurðsson fór yfir helstu verkefni nefndar um fjárfestingarumhverfi, Rebekka Ólafsdóttir fór yfir störf áhættunefndar, Jóna Finndís Jónsdóttir kynnti störf réttindanefndar, Hildur Hörn Daðadóttir fór yfir störf fræðslunefndar og Jón Ólafur Halldórsson kynnti störf samskiptanefndar.

Um árabíl hafa Landssamtökin átt farsælt og gott samstarf við Félagsmálaskóla alþýðu um námskeiðahald fyrir starfsmenn og stjórnarmenn. Í lok maí 2024 var haldið undirbúningsnámskeið fyrir verðandi stjórnarmenn lífeyrissjóða vegna hæfismats fjármálaeftirlits SÍ, námskeiðið var eingöngu staðnámskeið. Leiðbeinendur voru Jón Sigurðsson, Kristján Geir Pétursson, Tómas N. Möller, Vignir Rafn Gíslason og Pórey S. Þórðardóttir.

Lífeyrisvit

Lífeyrisvit er almenn fræðsla um lífeyrismál sem ætluð er fyrirtækjum, stofnunum og öðrum áhugasömum. Lífeyrisvit hefur aðallega verið auglýst á samfélagsmiðlum undanfarin misseri. Á starfsárinu voru haldnar fjölmargar kynningar fyrir ólíka hópa.



Sólveig Hjaltadóttir, verkefnastjóri hjá LL, sér um kynningar á Lífeyrisviti. Boðið er upp á kynningar á staðnum og á fjarfundum. Kynningar á Lífeyrisviti eru í sífelldri þróun. Þar er lögð áhersla á undirbúning starfsloka og að fólk kynni sér sín réttindi í Lífeyrisgáttinni og hjá sínum lífeyrissjóði. Á vefnum Lífeyrismál.is er hægt að panta fræðslu fyrir áhugasama undir valmyndinni **Fræðsla**.

Fræðslumyndbönd og kynningarefni

Aukin áhersla hefur verið lögð á að gera stutt hnitmiðuð myndbönd undanfarin misseri til þess að nýta á heimasíðunni og samfélagsmiðlum. Einnig hefur ýmist kynningarefni verið fært í nýjan búning og vísað á ítarlegri upplýsingar á heimasíðunni.

Kynningarefni var gert um tilgreinda séreign og naut talsverðrar athygli.

Þá var gert nýtt efni til að höfða til ungs fólks „Fyrsta vinnan“ og „Fyrsta fasteignin“ til þess að vekja athygli á viðbótarlífeyrissparnaði og kostum hans.

Vinsælustu myndböndin eru um viðbótarlífeyrissparnað og Lífeyrisgáttina.



Vefurinn Lífeyrismál.is

Fyrirtækið Stefna, sem annast vefumsjónarkerfi fyrir vef Landssamtakanna, framkvæmdi vefgreiningu á hegðun notenda á vefnum Lífeyrismál.is. Heimsóknnum á vefinn fjölgaði um 6% frá 2022. Langflestar heimsóknir eru frá leitarvélum, t.d. Google eða Bing, eða um 59%. Því næst koma beinar heimsóknir á vefinn eða um 27%. Heimsóknir á vefinn frá samfélagsmiðlum eru um 7,5%.

Lífeyrisgáttin er sem fyrr vinsælasta undirsíða vefsins, því næst *Allir lífeyrissjóðir og Spurt og svarað*.

Spurt og svarað

Spurningar undir *Spurt og svarað* eru aðgengilegar á þremur tungumálum: íslensku, ensku og pólsku. Stærsti hluti fyrirspurna berst frá þeim sem búa erlendis og vilja kynna sér áunnin réttindi á Íslandi. Það á bæði við um Íslendinga búsetta erlendis og útlendinga sem hafa starfað hér á landi tímabundið. Fræðslumyndbönd hafa verið framleidd og eru birt undir *Spurt og svarað* eftir því sem við á.

Grunnskólar - Fjármálavit

Landssamtök lífeyrissjóða hafa tekið þátt í Fjármálaviti undanfarin ár. Fjármálavit er í eigu Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) og verkefnastjóri

er Kristín Lúðvíksdóttir. Fjármálavit hefur þann tilgang að bæta fjármálalæsi ungs fólks og stuðla að upplýstum ákvörðunum í fjármálum með áherslu á sparnað og fyrirhyggju.

Áherslan undanfarin misseri hefur verið að byggja upp stafræn námskeið í samstarfi við Opna Háskólann í Reykjavík. Með þeim hætti næst til stærri hóps kennara vítt og breytt um landið. Eitt þeirra námskeiða er sérstaklega ætlað kennurum í grunn- og framhaldsskólum sem hyggjast

kenna fjármálalæsi. Þeir geta óskað eftir aðgangi að námskeiðum um fjármálalæsi á vefnum Fjármálavit.is sér að kostnaðarlausu. Einnig gefst kennurum kostur á að fá kennslubækurnar Fyrstu skref í fjármálum og Farsæl skref eftir Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins.

Í janúar sl. var haldin ráðstefna á vegum SFF undir yfirskriftinni *Fjármálavit ungs fólks*. Hún var vel sótt og þar voru flutt áhugaverð framsöguerindi um



Frá vinstri: Ásta S. Helgadóttir, umboðsmaður skuldara, Ómar Örn Magnússon, skólastjóri Hagaskóla, Jón Jósep Snæbjörnsson, viðskiptatengslastjóri Aurbjargar, Tinna Ösp Arnardóttir, kennari við Fjölbrautaskólann í Garðabæ, Alma Björk Ástþórsdóttir, varaformaður Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra. Þórey Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða stýrði pallborðsumræðum



fjármálavit ungs fólks frá ýmsum sjónarhornum. Að loknum framsöguverindum voru pallborðsumræður undir stjórn Þóreyjar S. Þórðardóttur, framkvæmdastjóra LL.

Frá árinu 2018 hefur Fjármálavit staðið fyrir Fjármálaleikum þar sem grunnskólar landsins fá tækifæri til að spreyta sig í fjármálalæsi. Mjög góð þátttaka var í leikunum. Efstu sætin skipuðu

Vogaskóli, Austurbæjarskóli og Grunnskóli Fjallabyggðar. Frá Vogaskóla fóru síðan tveir fulltrúar og tóku þátt í Evrópukeppni í fjármálalæsi í Brussel í apríl sl.



Vogaskóli tók við verðlaunum úr hendi Ásmundar Einars Daðasonar barna- og menntamálaráðherra



Staðan og framtíðarsýn lífeyrismála

Staða íslenska lífeyriskerfisins

Ísland býr yfir einu besta lífeyriskerfi heims enda er hér til staðar öflugt sjóðsöfnunarkerfi sem hefur byggst upp á löngum tíma. Jafnframt tryggja almannatryggingar ákveðinn grunnlífeyri fyrir þá sem ekki eiga mikil réttindi í lífeyrissjóðum. Samsetning íslenskrar þjóðar er hagstæðari en gerist í nágrennalöndum okkar, hlutfallslega fleiri eru á vinnualdri hér en á Norðurlöndunum og atvinnuþátttaka eldri hópa meiri hér á landi.

Ljóst er af þessu að íslenska lífeyrissjóðakerfið stendur sterkt á traustum grunni en þrátt fyrir marga kosti þess er það í sífelldri þróun og framtíðinni fylgja nýjar áskoranir.

Undanfarin ár hefur Ísland tekið þátt í Mercer lífeyrivísitölunni þar sem borin eru saman lífeyriskerfi ólíkra landa og var íslenska kerfið í öðru sæti í fyrra. Einungis Holland var með hærri einkunn.

Grænbók stjórnvalda – starfshópur að störfum

Fyrir rúmu ári var skipaður starfshópur stjórnvalda sem var falið að skila af sér grænbók um lífeyriskerfið hér á landi. Fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir skilum í desember 2023 en hópurinn er enn að störfum og útgáfan hefur tafist nokkuð. Fulltrúar LL í þessari vinnu eru Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, og Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins. Áhersla er lögð á núverandi stöðu lífeyriskerfisins, lagaumhverfi og framtíðarsýn.

Mikil þekking er til staðar í fastanefndum LL um ýmsa þætti íslenska lífeyriskerfisins og hefur grænbókarhópurinn m.a. fengið kynningu um séreignarsparnað og álitæfni tengd erfðamálum lífeyrissparnaðar.

Samstarf við háskólasamfélagið

Í ársbyrjun 2024 var sett á laggirnar Rannsóknastofnun lífeyrismála, samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Landssamtaka lífeyrissjóða, Seðlabanka Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Nýja stofnunin er

samstarfsvettvangur starfandi fræðimanna á sviði lífeyrismála og markmið hennar að efla rannsóknir og auka skilning á lífeyrismálum. Einnig er fyrirhugað samstarf við erlenda fræðimenn til fá upplýsingar um skipan lífeyrismála í öðrum löndum og hugmyndir til að þróa okkar kerfi í ljósi reynslu í öðrum ríkjum.

Stofnunin mun halda úti upplýsingavef, skipuleggja vinnustofur og halda árlega ráðstefnu til að kynna rannsóknarniðurstöður. Enn fremur mun stofnunin styðja árlega við einn doktorsnema og einn starfsmann til að vinna að rannsóknnum er nýst geti íslenska lífeyriskerfinu.

Stofnunin er faglega sjálfstæð en mun starfa náið með PeRCent (*The Pensions Research Centre*) við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn.





Jón Ólafur Halldórsson, stjórnarformaður LL, og Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri við undirritun samningsins

Hagtölur um lífeyrisréttindi

Undanfarin ár hafa LL, í samvinnu við Hagstofu Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið, rýnt hvernig bæta megi tölulegar upplýsingar um lífeyrisréttindi. Greið leið að upplýsingum um lífeyrisréttindi fólks á vinnumarkaði mun koma að miklu gagni fyrir stjórnvöld við mat á framtíðarþróun almannatryggingakerfisins og einnig fyrir fræðimenn og sérfræðinga lífeyrissjóðanna við mat á stöðu lífeyrissjóðakerfisins. Er stefnt



Efri röð: Gylfi Zoega, prófessor hagfræðideildar, Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Björk Sigurgísladóttir varaseðlabankastjóri, Stefán Halldórsson, verkefnastjóri LL, Þórður Kristinsson, ráðgjafi rektors, Birgir Hrafnkelsson, deildarforseti stærðfræðideildar. Neðri röð: Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri fjármála- og efnahagsráðuneytis, Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ, Jón Ólafur Halldórsson, stjórnarformaður LL, og Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri.

að því að safna hagtölum um áunnin réttindi í samtryggingu, greiðslur örorku- og ellilífeyris og séreignarsparnaðar og að gögnin verði vistuð hjá Hagstofu Íslands.

Fulltrúar LL í þessari vinnu hafa verið:

Þórey S. Þórðardóttir, LL

Ásta Ásgeirsdóttir, LL

Rebekka Ólafsdóttir, Gildi – lífeyrissjóði

Stefán Halldórsson, LL

Mercer lífeyrisvísitalan

Mercer ráðgjafarfyrtækið birtir árlega alþjóðlega lífeyrisvísitölu þar sem borin eru saman lífeyriskerfi ólíkra landa. Ísland hefur undanfarin þrjú ár tekið þátt í vísitölunni og alltaf fengið A-einkunn. Árið 2023 náði samanburðurinn til 47 ríkja og var Ísland í öðru sæti á eftir Hollandi. Kerfi í fjórum ríkjum fengu A-einkunn í vísitölunni, það er að segja í Hollandi, á Íslandi, í Danmörku og Ísrael.



Ljóst er af þessu að íslenska lífeyrissjóðakerfið er traust og stendur mjög framarlega miðað við önnur lönd. Helstu kostir þess eru mikil sjóðsöfnun, tryggur grunnlífeyrir og traust stofanaumhverfi.

Auknar lífslíkur

Á Íslandi, eins og annars staðar, lifir fólk almennt lengur en áður og það hefur áhrif á getu lífeyrissjóða til að greiða ævilangan lífeyri. Fjármála- og efnahagsráðuneytið birti nýjar lífslíknatöflur árið 2021 sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) hafði tekið upp og byggja á nýrri aðferð við mat á lífslíkum þar sem gert er ráð fyrir að lífaldur lengist áfram og því er ekki lengur einungis litið til reynslu undanfarinna ára. Það þýðir að áætluð ævilengd manns sem er 67 ára í dag verður ekki sú sama og manns sem verður 67 ára eftir 20 ár.


Sjóðirnir hafa allir innleitt uppfærslu á réttindatöflum til samræmis við breyttar lífslíkur og með innleiðingu nýrra taflna um lífslíkur sjóðfélaga er stigið stórt skref í þá átt að tryggja hagsmuni yngri jafnt sem eldri sjóðfélaga og gera útreikninga réttinda nákvæmari.

Töluleg gögn á heimasíðu LL

Á heimasíðu LL má finna helstu upplýsingar um lífeyrismál hér á land undir **Tölur og gögn** og

Ólifufé meðalævi við 65 ára aldur • Karlar og konur

Fjöldi ára



byggjast gögnin að mestu á tölum sem opinberar stofnanir hér á landi birta, m.a. Seðlabankinn, Hagstofan og Tryggingastofnun. Í enskum hluta heimasíðunnar má jafnframt finna helstu upplýsingar um íslensku lífeyrissjóðina undir **Facts and Figures** og eru þær einkum hugsaðar fyrir erlenda fræðimenn og sérfræðinga hjá erlendum stofnunum sem hafa áhuga á íslenska lífeyrissjóðakerfinu og leita eftir aðgengilegum upplýsingum á ensku.

Hagtöluhópur

Starfandi er hagtöluhópur á vegum LL sem hefur það hlutverk að meta hvaða gögn eigi að birta á

heimasíðunni og vinna að greiðara aðgengi að tölulegum gögnum.

Hópin skipa:

Ásta Ásgeirsdóttir, LL

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Þorkell Sigurgeirsson, LSR

Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum.

Á heimasíðu LL undir **Tölur og gögn** eru jafnframt gröf sem ætluð eru til fróðleiks fyrir almenning og stofnanir og einnig til að efla upplýsta umræðu um lífeyrismál.



Erlent samstarf og samanburður við önnur lönd

PensionsEurope

Landssamtök lífeyrissjóða eru aðili að PensionsEurope, samstarfsvettvangi 25 samtaka lífeyrissjóða í 21 ESB- og EFTA-landi. Þátttakan er í formi áheyrnaraðildar og felur í sér rétt til setu á fundum samtakanna, aðgang að innra starfi þeirra, svo sem málefnastarfi og sameiginlegri hagsmunagæslu gagnvart stofnunum ESB og þátttöku í könnunum á vegum PensionsEurope.

Með aðild að samtökunum veitast LL tækifæri til að fylgjast með helstu stefnum og straumum varðandi lífeyrismál í nálægum löndum. Löggjöf og reglusetning ESB um lífeyrissjóði varðar Ísland í mörgum tilfellum beint enda er Ísland hluti af innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.


PensionsEurope heldur svonefnda GAM fundi (e. General Assembly Meeting) tvisvar á ári. Fulltrúi LL, Tómas N. Möller, situr fundina ásamt framkvæmdastjóra LL. Þar eru til kynningar og umræðu þau málefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma í lífeyrismálum. Nánari upplýsingar um PensionsEurope má finna á vef samtakanna: www.pensionseurope.eu.

Áherslur á árinu – IPE

Gefið er út mánaðarlegt tímarit um lífeyrismál, Investments & Pensions Europe (IPE), þar sem farið er yfir ýmsa þætti mismunandi lífeyriskerfa í Evrópu. Einnig er þar að finna nánari greiningu á málefnum liðandi stundar og umfjöllun um lífeyriskerfi einstakra landa. Meðal þeirra málefna sem tekin voru fyrir á síðasta eru:

- Fjárfestingarumhverfi og kaupmáttur lífeyris.
- Fyrirhugaðar breytingar á hollenska lífeyriskerfinu úr jafnri réttindaávinnslu (DB) yfir í skilgreind iðgjöld (DC).
- Lífeyrisréttindi við flutning milli landa og skattlagning.
- Áhersla á samfélagslega ábyrgð við fjárfestingar og grænar fjárfestingar.

Heildar lífeyriseignir landa innan OECD - Árið 2022



Heimild: OECD, Pensions at a Glance 2023



Alþjóðleg lífeyrisvísitala Mercer

Ísland hefur undanfarin þrjú ár tekið þátt í alþjóðlegri lífeyrisvísitölu Mercer – CFA Institute. Aðilar að þátttöku Íslands eru Landssamtök lífeyrissjóða, Seðlabanki Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Íslenska lífeyriskerfið hefur náð góðum árangri í þessum samanburði og var á síðasta ári í öðru sæti á eftir Hollandi. Ísland fékk A-einkunn í vísitölunni en einungis þrjú önnur lönd, Holland, Danmörk og Ísrael náðu þeirri einkunn.

Mercer er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig m.a. í ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana. CFA Institute eru óhagnaðardrífín samtök sem vinna að því að auka ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar á alþjóðavísu. Mercer-lífeyrisvísitalan hefur verið gefin út í mörg ár og er öflugt tæki til að meta stöðu lífeyriskerfa í mismunandi löndum og fá úttekt á kerfunum frá hlutlausum aðilum. Árið 2023 tóku 47 lönd þátt í Mercer-CFA lífeyrisvísitölunni og eru niðurstöður hvers lands birtar ásamt samantekt yfir helstu eiginleika hvers kerfis og mögulegar úrbætur til að styrkja það til framtíðar.

Íslenska lífeyriskerfið fær A-einkunn

Mercer-vísitalan er byggð upp á þremur grunnþáttum, *nægjanleika*, *sjálfbærni* og *trausti* (e.

adequacy, sustainability, integrity) og er gefin einkunn fyrir hvern þeirra.

Góð heildarútkoma Íslenska lífeyriskerfisins undanfarin ár hefur byggst á því að Ísland fékk góða útkomu í öllum þáttum vísitölnunnar og var síðasta ár í efsta sæti í flokknum *sjálfbærni*, þriðja sæti í *nægjanleika* og í áttunda sæti hvað varðar *traust*. Í skýrslunni er einnig farið yfir hvernig hægt væri að hækka heildareinkunn Íslands. Meðal þess sem þar var nefnt var eftirfarandi:

- Minnka skuldir heimila sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.
- Huga að réttindum beggja aðila til lífeyris við skilnað.
- Minnka skuldir ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

CIC – Climate Investment Coalition

Íslensku lífeyrissjóðirnir hafa undanfarin ár átt í samstarfi við *Climate Investment Coalition* (CIC), alþjóðleg samtök sem leggja áherslu á fjárfestingar í hreinni orku og öðrum umhverfislausnum og vinna að bættri nýtingu orku til góðs fyrir umhverfið. Samtökin voru upphaflega stofnuð af samtökum lífeyrissjóða og stjórnvalda í Danmörku en í framhaldinu hafa aðrir lífeyrissjóðir á Norðurlöndum og í Bretlandi bæst í hópinn.

Ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærnimarkmið

Þróunin er hröð á sviði laga og reglna um ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóða. Með því er m.a. vísað til þess að taka mið af umhverfislegum og félagslegum þáttum og stjórnarháttum við fjárfestingarákvarðanir með það að markmiði að greina áhættu og tækifæri og skila þannig sjálfbærri ávöxtun til langs tíma.

Meginmarkmið. Markmiðið með sjálfbærnilöggjöf ESB sem varðar stofnanafjárfesta er að tengja saman fjárfestingar við fjármögnun fyrirtækja í raunhagkerfinu sem byggja á sjálfbærum viðskiptamódelum. Einnig að auka traust á markaði, vinna gegn grænþvotti, auka neytendavernd og samþætta sjálfbærniþætti í fjármálaráðgjöf. Reglur þessar eru hluti af [aðgerðaáætlun ESB](#) frá árinu [2018](#), uppfærðri [2021](#), um fjármögnun sjálfbærs vaxtar innan sambandsins og þar með á Evrópska efnahagssvæðinu og framkvæmd Græna sáttmála ESB frá árinu [2019](#). Til grundvallar liggja m.a. Parísarsáttmálinn frá árinu 2015 og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun frá sama ári.

Innleiðing í íslenskan rétt. Liður í þessari vegferð var innleiðing flokkunarreglugerðar ESB (EU Taxonomy) og reglugerðar sambandsins



um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR). Nú er unnið að endurskoðun á SFDR á vettvangi ESB. Á liðnu ári og á komandi misserum hafa verið og verða innleiddar í íslenskan rétt svokallaðar framseldar reglugerðir á grundvelli reglugerðanna sem mæla fyrir um nánari útfærslu þeirra.

Gildisvið flokkunarreglugerðarinnar var nokkuð þrengra gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt lögum nr. 23/2023 en gert var ráð fyrir í upphaflegu frumvarpi. Það leiddi af umsögn LL um frumvarpið sem fékk jákvæðar undirtektir hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Með því fellur gildisvið flokkunarreglugerðarinnar betur að eðli starfsemi íslenskra lífeyrissjóða.

Frekara regluverk við sjóndeildarhringinn

Nokkur orð um regluverk tengt ábyrgum fjárfestingum sem vænta á að verði innleitt í íslenskan rétt á komandi misserum.

- **Sjálfbærniupplýsingar.** Nýjar reglur ESB um sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja (CSRD). Reglurnar mæla með ítarlegri hætti en nú er fyrir um inntak og form slíkra upplýsinga sem og innleiðingar evrópskra

sjálfbærniastaðla (ESRS). Tilskipunin nær til mun fleiri fyrirtækja en nú er, mælir fyrir um endurskoðun sjálfbærniupplýsinga og birtingu þeirra á stafrænu formi sem auðveldar vinnslu og samanburð. LL fylgjast með innleiðingunni á Íslandi og hafa verið í sambandi við stjórnvöld vegna þessa. Samskiptin hafa verið uppbyggileg. Þar er m.a. lögð áhersla á að þótt lífeyrissjóðir séu skilgreindir sem eining tengd almannahagsmunum í íslenskum rétti sé inntak CSRD og ESRS með þeim hætti að inntak þeirra falli ekki vel að eðli starfsemi íslenskra lífeyrissjóða og því regluverki sem þeir starfa eftir. Vel sé unnt að ná settu marki með öðrum hætti. Í því sambandi skipti máli að samkvæmt gildisviðsákvæði CSRD sé íslenskum stjórnvöldum ekki skylt að fella lífeyrissjóðina undir tilskipunina.

- **Tilskipun ESB um réttindi og skyldur hluthafa.** Á yfirstandandi þingi er ráðgert að innleiða tilskipun ESB nr. 2021/7828 um réttindi og skyldur hluthafa, einkum stofnanafjárfesta, sem og tiltekna skyldur hlutafélaga. Meðal atriða má nefna áherslu á eigendahlutverk, langtímasýn,

hluthafastefnur, starfskjarastefnur, viðskipti tengdra aðila og beitingu áhrifa fjárfesta yfir landamæri innan EES svæðisins. LL hafa fundað með stjórnvöldum vegna málsins og komið sjónarmiðum lífeyrissjóða varðandi innleiðinguna á framfæri. Viðbúið er að framhald verði á þeim samskiptum.

- **Græn skuldabréf.** ESB samþykkti í nóvember 2023 reglugerð nr. [2023/2631](#) um samræmdar reglur fyrir græn evrópsk skuldabréf sem tengjast flokkunarreglugerðinni (EU Taxonomy). [Markmiðið](#) er að auðvelda fjármögnun starfsemi sem leggur grunn að sjálfbærni hagkerfi. Reglugerðin býður innleiðingar í íslenskan rétt á grundvelli EES-samningsins.
- **Greining stórra fyrirtækja á virðisdeðjum sínum (CSDDD).** Nokkur átök urðu um inntak tilskipunarinnar meðal aðildarríkja ESB sem leiddu til þess að gildisviðið varð afmarkaðra og dregið var úr upphaflegum kröfum. Tilskipunin leggur ákveðnar skuldbindingar á stór fyrirtæki varðandi umhverfisþætti og mannréttindabrot innan virðisdeðu fyrirtækjanna. Tilskipunin býður innleiðingar í íslenskan rétt á grundvelli EES samningsins.



Evrópskir og alþjóðlegir staðlar fyrir sjálfbærniupplýsingar

- Á grundvelli tilskipunar ESB um sjálfbærniupplýsingar (CSRD) hefur EFRAG, stofnun tengd ESB, gefið út [tölf staðla](#) sem varða sjálfbærniupplýsingar. Þeir skiptast í staðla fyrir almennar kröfur varðandi sjálfbærniupplýsingar, umhverfispætti, félagslega þætti og stjórnarhætti. Staðlarnir bíða innleiðingar í íslenskan rétt á grundvelli EES-samningsins.
- Í kjölfar COP26 setti Alþjóða reikningsskilaráðið (IFRS) á fót stofnun fyrir sjálfbærniupplýsingar ([ISSB](#) – International Sustainable Standards Board). Stofnunin hefur þegar [birt tvo](#) staðla fyrir sjálfbærniupplýsingar. Annars vegar IFRS S1 fyrir almennar sjálfbærniupplýsingar og hins vegar IFRS S2 um upplýsingar um gróðurhúsalofttegundir.

Viðbúið er að framangreint regluverk muni hafa enn frekari áhrif en orðið er á starfsumhverfi íslenskra lífeyrissjóða á komandi misserum og árum og að það verði til umfjöllunar á vettvangi LL.


Lífeyriskerfi innan OECD – þróun til framtíðar

OECD gefur reglulega út rit og upplýsingar um lífeyrismál og í desember 2023 var gefið út ritið **OECD Pensions at a Glance 2023** þar sem farið var yfir stöðu lífeyrismála í ríkjum OECD og framtíðarhorfur.

Í mörgum ríkjum OECD er unnið að breytingum á lífeyriskerfinu. Með hækkandi lífaldri fólks hefur verið lögð áhersla á að hækka lífeyrisaldur og í ríkjum þar sem lífeyrisgreiðslur byggjast að mestu á skatttekjum er í einhverjum tilfellum orðið nauðsynlegt að bregðast við til að koma í

veg fyrir síaukinn halla ríkissjóðs í framtíðinni. Má nefna Frakkland sem dæmi en þar tókst að hækka lágmarksaldur lífeyris þrátt fyrir mikil mótmæli. Á sama tíma og OECD-ríkin vinna að hækkun lífeyrisaldurs hefur einnig verið umræða um snemmtöku lífeyris og hvernig réttindum þeirra er háttað sem vinna líkamlega erfið störf og geta ekki lengt starfsævina enn frekar. Sem dæmi má nefna að í Danmörku hefur verið unnið að úrræði fyrir þá sem hafa verið lengi á vinnumarkaði þannig að þeir hafi möguleika á að fara fyrr á lífeyri en almennt gerist.

Atvinnuþátttaka eldra fólks • Aldurshópar 60 - 69 ára innan OECD



Source: OECD - Pensions at a glance 2023



Sérstök rýni - Holland

Í Hollandi hefur undanfarin ár verið unnið að því að færa lífeyriskerfið úr skilgreindum réttindum (e. *Defined benefits* eða DB) yfir í skilgreint iðgjald (*defined contribution* eða DC) og er stefnt að því að breytingarnar taki gildi hjá öllum við áramótin 2024/25.

Ástæða þess að þörf er á að breyta núverandi kerfi í Hollandi er bæði tengd hækkandi lífaldri fólks en einnig breyttri samsetningu vinnumarkaðar. Áður

unnu flestir sem fastráðnir hjá sama fyrirtæki mestan hluta starfsævinnar en nú hefur umfang svokallaðs gigg hagkerfis aukist og núverandi fyrirkomulag lífeyriskerfisins ræður illa við þá þróun [á vefnum stjornvisi.is segir: *Gigg(gig) hagkerfið er fyrirbæri sem fjallar um aukningu í sjálfstæðri vinnu eða með samningsbundnum störfum*].

Með breytingunni er vonast til að lífeyriskerfið nái betur utan um alla á vinnumarkaði og hafa fulltrúar hollenskra yfirvalda meðal annars kynnt sér fyrirkomulag íslenskra lífeyrissjóða varðandi

sjálfstæða atvinnurekendur og lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð.

Erlend málefni á vef LL

Finna má gagnlegt efni um lífeyrismál á erlendum vettvangi á heimasíðu LL, Lífeyrismál.is, undir **Erlent** efni og er þar jafnframt að finna tengla við framangreint regluverk ESB og rit PensionsEurope.

Á vefsíðu LL undir **Tölur og gögn** má einnig finna samanburð lífeyriskerfa á Íslandi og í öðrum löndum.





Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira

Helstu opnu fundir, ráðstefnur og viðburðir sem fram hafa farið á vettvangi LL frá síðasta aðalfundi.

2023

30. maí: Aðalfundur LL 2023 á Grand hóteli. Fundurinn var staðfundur en einnig var hægt að fylgjast með í streymi. Atkvæðagreiðsla fór eingöngu fram á staðnum. Stefán Halldórsson kynnti stefnu um rannsóknir og greiningu og viðræður við hagaðila; Hagstofuna, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Háskóla Íslands og Seðlabankann. Að aðalfundarstörfum loknum flutti Rebekka Ólafsdóttir, áhættustjóri Gildis – lífeyrissjóðs og formaður áhættunefndar, erindið; *Áhættustýring til framtíðar, innleiðing sjálfbærni- og loftslagsmarkmiða hjá lífeyrissjóðum.*

23. ágúst: Vinnu- og stefnumótunarfundur stjórnar LL ásamt framkvæmdastjórum lífeyrissjóða haldinn á Hótel Örk í Hveragerði. Á fundinum kynnti Þórey S. Þórðardóttir eftirfylgni viðhorfskönnunar sem gerð var árið 2022. Einnig kynnti Sólveig Hjaltadóttir niðurstöður könnunar Maskínu á ímynd og þjónustu lífeyrissjóða. Eftir hádegi voru flutt nokkur framsöguerindi og í framhaldi var unnið í vinnuhópum til þess að ræða um málefni tengd Grænbókarvinnu stjórnvalda. Umræðustjóri fundarins var Snædís Ögn Flosadóttir, fyrrum framkvæmdastjóri EFÍA og LSBÍ.

13. september: Fulltrúar LL áttu fund með fulltrúum frá matsfyrirtækinu S&P.

14. september: Vinnustofa um verklag við mat á orkutapi sjóðfélaga. Fjölmarginir starfandi sérfræðingar innan lífeyrissjóðanna tóku þátt ásamt trúnaðarlæknum.

27. september: Umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðherra boðaði fulltrúa lífeyrissjóða á sinn fund til að ræða stöðu loftslagsmála.

27. september: Borgarstjórinn í Reykjavík boðaði fulltrúa lífeyrissjóða til hádegisfundar í tengslum við ráðstefnu um lífsgæðakjarna framtíðarinnar.

28. september: Fulltrúar LL tóku á móti fulltrúum OECD sem unnu að greiningu og ráðgjöf vegna fyrirhugaðra breytinga á örorkulífeyrskerfinu.

2. október: LEB hélt málþing um kjaramál eldra fólks. Málþingið var vel sótt og var framkvæmdastjóri LL meðal þátttakenda í pallborðsumræðum.

11. október: Fulltrúar LL áttu fund með fulltrúum Barclays banka.

31. október: Hádegisfræðsla á fjarfundi þar sem Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, greindi frá helstu störfum og áherslum nefndarinnar.

1. nóvember: Umræðufundur um lífeyrismál á vegum Samfylkingarinnar. Framkvæmdastjóri LL tók þátt í pallborðsumræðum.



7. nóvember: Kynning haldin á íslenska lífeyrissjóðakerfinu fyrir fulltrúa Swedbank.

22. nóvember: Fundur stjórnar LL með framkvæmdastjórum lífeyrissjóða og formönnum fastanefnda.

6. desember: Hádegisfræðsla á fjarfundi þar sem Rebekka Ólafsdóttir, formaður áhættunefndar LL, kynnti störf og áherslur nefndarinnar.

12. desember: Tekið var á móti fulltrúum frá Barclays banka.

13. desember: Hádegisfræðsla á fjarfundi þar sem Sólveig Hjaltadóttir hjá LL fór yfir íslenska lífeyrissjóðakerfið, útskýrði stoðirnar í lífeyrskerfinu og gaf innsýn í almannatryggingakerfið.

2024

10. janúar: Hádegisfræðsla á fjarfundi þar sem Jóna Finndís Jónsdóttir hjá Stapa lífeyrissjóði og Margrét Kristinsdóttir hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna fóru yfir örorkumál innan lífeyrissjóða og samspil við greiðslur frá almannatryggingum.

18. janúar: Hádegisfræðsla á fjarfundi þar sem Jóna Finndís Jónsdóttir, formaður réttindanefndar LL, kynnti störf og áherslur nefndarinnar.

18. janúar: Ráðstefna í Húsi Vigdísar við Suðurgötu undir yfirskriftinni *Fjármálavit ungs fólks*. Flutt voru nokkur framsöguerindi og að þeim loknum stjórnaði Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, pallborðsumræðum.

24. janúar: Hádegisfræðsla á fjar- og staðfundi þar sem Ólafur Guðmundsson, yfirlæknir TR, fjallaði um nálgun TR í örorkumatsferlinu og Anna Hugrún Jónasdóttir, teymisstjóri örorku- og endurhæfingar, fór yfir skilyrði, umsóknarferli og tekjutengingar greiðslna vegna örorkulífeyris.

15. febrúar: Hádegisfræðsla á fjarfundi þar sem Hildur Hörn Daðadóttir, formaður fræðslunefndar LL, kynnti störf og áherslur nefndarinnar.

21. febrúar: Fulltrúar LL áttu fund með fulltrúum frá matsfyrirtækinu Fitch.

27. febrúar: Hádegisfræðsla á fjarfundi þar sem Helga Sveinbjörnsdóttir hjá Arion banka kynnti uppbyggingu blandaðra lífeyrissjóða og mismunandi eiginleika samtryggingar og séreignar.



11. mars: Hádegisfræðsla á fjarfundi þar sem Anna Þórdís Rafnsdóttir, stjórnarformaður IcelandSIF, og Eyrún Anna Einarsdóttir varaformaður fjölluðu um hlutverk samtakanna.

14. mars: Ráðstefna haldin á vegum Háskóla Íslands undir fyrirsögninni *„Hverjir geta dregið úr kynjabílinu í stjórnendastöðum í atvinnulífinu?“*. Snædís Ögn Flosadóttir, fyrrum framkvæmdastjóri EFÍA og LSBÍ, flutti erindi á ráðstefnunni fyrir hönd lífeyrissjóða, *„Faldi fjórðungurinn – stækkum kökund“*.

20. mars: Hádegisfræðsla á fjarfundi þar sem Dísa Björg Jónsdóttir hjá LSR fjallaði um opinbera lífeyrissjóði.

15. apríl: Fundur með fulltrúum matsfyrirtækisins S&P.

2. maí: Hádegisfræðsla þar sem Aðalbjörn Sigurðsson hjá Gildi – lífeyrissjóði kynnti uppbyggingu lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði.

7. maí: Hádegisfræðsla á stað- og fjarfundi þar sem Eggert Ármann Ármannsson á skrifstofu fjármálagreininga lögreglu greindi frá aðferðum sem beitt er við varnir gegn peningabætti.

8. maí: Hádegisfræðsla á fjarfundi þar sem Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar LL og formaður samskiptanefndar, greindi frá helstu störfum og áherslum nefndarinnar.

16. maí: Fræðslufundur þar sem Íris Bettý Alfreðsdóttir Frederiksen kynnti helstu niðurstöður meistararitgerðar sem hún gerði í samstarfi við Reykjavíkurborg um upplifun starfsmanna við starfslok.

16. maí: Fulltrúar LL áttu fund með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.


22. – 24. maí: Félagsmálaskóli alþýðu stóð, í samstarfi við LL, fyrir undirbúningsnámskeiði fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum vegna hæfismats fjármálaeftirlits SÍ.



Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða

Lífeyrissjóður

	Hrein eign 31.12.2022	% af heildareignum
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	1.293.133.101	19,6%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	1.173.110.572	17,7%
Gildi – lífeyrissjóður	913.251.091	13,8%
Birta lífeyrissjóður	567.303.113	8,6%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	400.485.960	6,1%
Almenni lífeyrissjóðurinn	365.572.864	5,5%
Stapi lífeyrissjóður	349.411.030	5,3%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	338.526.139	5,1%
Festa – lífeyrissjóður	251.987.247	3,8%
SL lífeyrissjóður	242.349.213	3,7%
Lífsverk lífeyrissjóður	151.512.761	2,3%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	138.678.480	2,1%
Lífeyrissjóður bankamanna	102.688.002	1,6%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	87.179.608	1,3%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	83.146.389	1,3%
Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna EFÍA	55.665.203	0,8%
Lífeyrissjóður bænda	41.028.325	0,6%
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	24.533.937	0,4%
Lífeyrissjóður Rangæinga	18.355.975	0,3%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	13.778.019	0,2%
	6.611.697.029	100%





LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Landssamtök lífeyrissjóða · Guðrúnartúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 563 6450 · Kt. 450199-2069 · ll@ll.is

www.ll.is